


# **ORKUSTOFNUN**

---

# **ÁRSSKÝRSLA 1984**



## Efnisyfirlit / List of contents

Bls./Page	1	Ávarp stjórnarformanns <i>Chairman's Address</i>
—	2	Yfirlit orkumálastjóra um íslensk orkumál 1984 og starfsemi Orkustofnunar á því ári <i>General Director's Overview</i>
<hr/>		
		Greinargerð um starfsemi Orkustofnunar 1984 <i>Report on Activities in 1984</i>
—	6	Vatnsorkudeild <i>Hydro Power Division</i>
—	13	Orkubúskapardeild <i>Energy Analysis Division</i>
—	14	Jarðhitadeild <i>Geothermal Division</i>
—	22	Stjórnsýsludeild <i>Division of Administration</i>
<hr/>		
—	25	Reikningar Orkustofnunar <i>Annual Accounts</i>
<hr/>		
—	26	Starfsmannafélag Orkustofnunar <i>Employees Association</i>
<hr/>		
		Starfsemi fyrirtækja í rekstri Orkustofnunar <i>NEA's Associated Companies</i>
—	27	Jarðboranir ríkisins og Gufubor <i>State Drilling Contractors</i>
—	31	Jarðvarmaveitur ríkisins <i>State National Heat Supply</i>
<hr/>		
—	32	English Summary
<hr/>		
—	34	Skrá yfir skýrslur og greinar útgefnar 1984 <i>List of Reports and Papers</i>
<hr/>		

# Ávarp stjórnarformanns

Orkustofnun safnar og vinnur úr heimildum varðandi orkunotkun og orkubúskap. Þessi úrvinnsla er undirstaða þess framreiknings á raforkunotkun er fram fer hjá Orkuspárnefnd og nefnd er raforkuspá.

Það er nú orðið ljóst að aukning í notkun forgangsorku verður mun minni en spáð var árið 1979, en sú spá virtist ætla að standast allt fram til 1982.

Auk þessa hefur raforkunotkun iðnaðar og stóriðju aukist miklu mun minna en vonir stóðu til og möguleikar voru taldir á. Horfir nú svo, að aukning raforkunotkunar á forgangsorkumarkaði fram til aldamóta verði jafnvel heilum áratug seinna á ferðinni en áður var gert ráð fyrir.

Þessar framtíðarhorfur hafa afgerandi áhrif á þann hraða sem hafa þarf á rannsóknum og undirbúnungi vegna virkjanagerðar. Verkefni Vatnsorkudeildar hafa dregist saman og töluverð óvissa ríkir um verkefni framtíðarinnar. Á næstunni veður því unnið að endurskoðun langtímaáætlana fyrir vatnsorkunnar með tilliti til hinnar breyttu stöðu.

Þessara áhrifa gætir minna á Jarðhitadeild, sem þar að auki hefur fengið aukið verkefni við öflun orku til hitaveitna frá háhitasvæðum og ráðgjöf vegna fyrirhugaðs fiskeldis.

Staða rannsóknarverka hjá Orkustofnun í heild er nú slík, að tækifæri hefur gefist til að sinna þessum nýju verkefnum. Er þetta veruleg breyting frá því sem var þegar varla hafðist undan í virkjunnarrannsóknum. Því gefst nú tækifæri til að sinna erlendum verkefnum í ríkari mæli en áður, en Orkustofnun og starfsmenn hennar hafa frá byrjun haft með höndum nokkuð að ráðgjafastörfum fyrir erlenda aðila.

Liggja nú fyrir tillögur um lúkningu hagræðingar á Orkustofnun, stofnun alþjóðadeilda til að sinna erlendum verkefnum og samskiptum. Frumvarp til laga um stofnun sérstaks fyrirtækis er tæki að sér ráðgjafastörf erlendis í samvinnu við innlenda eða erlenda aðila og áætlun um endurskipulagningu Jarðhitadeilda eru í undirbúnungi. Ennfremur hefur Orkustofnun tekið þátt í viðræðum ríkisins og Reykjavíkurborgar um stofnun hlutafélags með samruna Gufuborunar ríkisins og Reykjavíkurborgar og Jarðborana ríkisins.

Tölувvert hefur áunnist í rannsóknum á árinu. Áfram er unnið að rannsókn virkjunarleiða og jarðfræðirannsóknir vegna jarðgangagerðar hafa skilað verulegum árangri. Orkustofnun á aðild að erlendum ráðgjafaverkefnum og tilboðum í verk í Grikklandi og víðar.

Orkustofnun vinnur nú ásamt orkufyrirtækjum að endurbótum á vísindalegum aðferðum til rannsókna á orkubúskap raforkukerfisins. Áætlað er að þetta verk haldi áfram og nái til samreksturs númerandi raforkukerfis og rafstöðva sem nýja jarðhita. Nýting jarðhita í iðnaði hefur ekki komist á í neinum verulegum mæli ennþá, en margt bendir til að samvinnsla raforku og heits vatns fyrir hitaveitir eða fiskeldi sé fýsilegur kostur. Þyrfti þá væntanlega að setja lög eða almennar reglur um samvinnslu raforku, svipað og gert hefur verið með öðrum þjóðum. Mundu lög þessi eða reglur miða að því, að finna samvinnslu raforku með annarri iðnaðarstarfsemi heppilegan farveg með hagsmuni þjóðarheildarinnar fyrir augum.



# Yfirlit orkumálastjóra um íslensk orkumál 1984 og starfsemi Orkustofnunar á því ári

## Orkunotkun og orkuvinnsla


Heildarnotkun Íslendinga á orku árið 1984 jafngilti orkunni í 1.965.000 tonnum af olíu, og skiptist á orkugjafa á þann hátt sem taflan hér að neðan sýnir, þar sem árið 1983 er sýnt til samanburðar.

Heildarnotkunin óx um 4,8% á árinu. Hlutur einstakra orkugjafa hélst nokkurnveginn óbreyttur frá fyrra ári.

Hér er orkan reiknuð að hætti Alþjóðlegu orkumálaráðstefnunnar og fleiri

	Tonn að olíu- ígildi			Tonn að olíu- ígildi		
	PJ	%	1984	PJ	%	1983
Vatnosorka	870 000	38	44	840 000	37	45
Jarðhiti	540 000	24	28	520 000	23	28
Olía	490 000	22	25	475000	21	25
Kol	65 000	3	3	45 000	2	2
Samtals	1 965 000	87	100	1 880 000	83	100

Gross energy consumption in TOE and PJ, hydro power, geothermal, oil and coal respectively.



Meðalálag á raforkukerfið eftir mánuðum. Monthly average power production.

alþjóðasamtaka (svo sem OECD), en þar eru vatnsorka og jarðhiti reiknuð sem jafngildi þeirrar olíu sem þarf að brenna til að sjá notandanum fyrir sömu þjónustu og þessir orkugjafar gera. Þar eð er vatnsorka er ekki nýtt til annars en raforkuvinnslu er hún mæld eftir því magni af olíu sem þarf að brenna í eldsneytisrafstöð til að framleiða jafnmikla raforku og fékkst úr vatnsorkuverunum. Á hliðstæðan hátt er jarðhitavinnsla vegna húshitunar mæld eftir því olíumagni sem þurft hefði til að hita húsin ef jarðhitans hefði ekki notið við.

Þessi reikningsháttur veldur því að fram koma reikningsleg „umbreyti-töp“ þegar vatnsorku er breytt í raforku sem eru miklu meiri en eru í reynd í vatnsorkuverum, en hins vegar svipuð og í varmaorkuverum. Umbreytitöpin í raforkuvinnslunni verða þannig óraunveruleg, og er það gallinn við þennan reikningshátt. Kosturinn er hins vegar sá, að með honum verða orkuskýrslur sambærilegar landa á milli hvort sem þau vinna raforku sína úr vatnsorku eða eldsneyti.

Raforkuvinnsla og raforkunotkun 1984 var eins og taflan hér til hliðar sýnir. Árið 1983 er sýnt til samanburðar.

## Orkuframkvæmdir og rekstur orku- kerfisins

Á árinu hélt Landsvirkjun áfram framkvæmdum við Kvíslaveitu með stíflugerð í nyrðri kvísl Svartár, Þúfuverskvísl og Eyvindarkvísl syðri, og undirbúningi undir stíflugerð í Eyvindarkvísl nyrðri og Hreysikvísl. Unnið var að lúkningu verka og ýmsum auka-verkum við Sultartangastíflu og þéttingu berggrunns undir Koldukvíslarstíflu og greftri fyrir nýju yfirfalli við hana vegna fyrirhugaðrar hækkunar vatnsborðs í Þórisvatni.

Lokið var við Suðurlínu, milli Sigöldu og Hafnar í Hornafirði og 132 kV

## Raforkuvinnsla og notkun 1984 og 1983

Raforka	1984		1983		Aukn. 83-84 %
	GWh	%	GWh	%	
<b>UPPRUNI RAFORKU</b>					
Úr vatsorsku	3738	95,5	3588	95,3	4,2
Úr jarðhita	173	4,4	172	4,5	0,6
Úr eldsneyti	3	0,1	6	0,2	-50,0
Samtals	3914	100,0	3766	100,0	3,9
<b>TEGUND RAFORKU</b>					
Fastaorka	3442	87,9	3418	90,8	0,7
Ótryggð orka <sup>1</sup>	472	12,1	348	9,2	35,6
Samtals	3914	100,0	3766	100,0	3,9
<b>NOTKUN (AÐ TÖPUM MEDTÖLDUM)</b>					
Stóriðja og önnur					
stórnokun	2257	57,7	2128	56,5	6,1
Almenn notkun	1657	42,3	1638	43,5	1,2
Samtals	3914	100,0	3766	100,0	3,9

<sup>1)</sup> Stóriðja og katlar. Flutningstöp meðtalin.

Gross electricity production.

hringnum um landið þar með lokað. Var Suðurlína formlega tekin í notkun hinn 10. nóvember. Með henni er lokið merkum áfanga í rafvæðingarsögu landsins, sem eykur stórlega öryggi notenda utan Suðvesturlands gegn rafmagnsleysi vegna bilana á megin-flutningskerfinu. Á það reyndi milli jóla og nýárs, þegar nokkrir staurar brotnuðu í óveðri í byggðalínunni á vestanverðu Norðurlandi og vírar hennar félle niður, án þess þó að slitna. Sjálfvirkur búnaður rauf línum í aðveitustöðvunum í Hrútatungu og Laxárvatni, og varð línukaflinn þar á milli straumlaus. Svo óheppilega vildi til að vírarnir félle á heimtaug að bónabæ, sem við það varð straumlaus. Þetta var eini notandinn á landinu sem rafmagnslaus varð vegna þessarar bilunar á byggðalínu, og hann varð það einungis vegna þess að vírarnir félle á heimtaug hans. Aðrir notendur urðu hennar ekki varir. Sýnir atvik þetta vel það öryggi sem hringtengingin hefur í för með sér.

Við Blönduvirkjun var fram haldið byggingu vinnubúða og sköpun annarrar aðstöðu á vinnustað, svo og uppræðslu, vinnu við girðingar o.fl. samkvæmt samningi við landeigendur. Á árinu hófst vinna við aðkomugöng að stöðvarhúsi sem verður neðanjarðar, og var í lok árs búið að

sprengja 263 m af 820 sem göngin verða alls. Meirihluti véla og rafbúnadar í Blönduvirkjun var boðinn út á árinu. Vinna hófst við botnras í aðalstiflu virkjunarinnar, í farvegi Blöndu hjá Reftjarnarbungi.

Rafmagnsveitur ríkisins luku á árinu lagningu línu frá Laxárvirkjun í Kelduhverfi. Línu þessari, sem gerð er fyrir 132 kV spennu, en verður í fyrstu rekinn á 66 kV, er síðar meir ætlað að ná til Kópaskers og verður hún aðalflutningslínan á norðausturhorn landsins. Rafmagnsveiturnar unnu á árinu að lagningu línu milli Akureyrar og Dalvíkur, sem ekki var lokið við. Þessi lína er gerð fyrir 132 kV, en verður um sinn rekin á 66 kV. Henni er ætlað að sjá notendum við vestanverðan Eyjafjörð fyrir rafmagni í framtíðinni. Þá hófu Rafmagnsveiturnar framkvæmd við 66 kV línu frá Vogaskeiði við Stykkishólmi til Grundarfjarðar.

Orkubú Vestfjarða lauk við lagningu 66 kV línu frá Mjólkárvirkjun til Tálknafjarðar, til að styrkja flutning raforku til Vestfjarða sunnan Arnarfjarðar. Ekki var lokið við aðveitustöð í Tálknafirði á árinu.

Bæði Rafmagnsveitur ríkisins og Orkubú Vestfjarða héldu áfram að styrkja dreifikerfið í strjálbýli og tengja

ný sveitabýli við samveitukerfið. 10–12 ný býli voru tengd á árinu, og er tengingu þeirra býla sem nú eru í landinu og tengd verða um það bil að ljúka. Um 12 býli eru nú ótengd, sem gert er ráð fyrir að fái til frambúðar rafmagn frá einkastöðvum vegna þess hve afskekkt þau eru. Á hinn bóginн er enn talsvert langt í land með að dreifikerfin í strjálbýli séu orðin það öflug að þau svari kröfum tímans.

Bæði styrking dreifikerfa og tenging nýrra býla er kostuð af Orkusjóði, sem á árinu veitti 27,0 Mkr. til styrkinga og 14,5 Mkr. til nýtenginga; þar með taldir nýr notendur á rafvæddum svæðum.

Engar meiriháttar hitaveituframkvæmdir voru í gangi á árinu, en nokkrar smærri hitaveitir voru lagðar í sveitum til bæja og bæjabyrpingleiða. Aukningar og viðbætur héldu áfram hjá mörgum hitaveitum á svipaðan hátt og áður.

Á árinu tók Hitaveita Akureyrar í notkun varmadælu, 2,6 MW að varmafli, til að hækka hitastig á jarðhitavatni úr 42° í 78°C. Varmagjafinn er frárennisvisvatn frá hluta af dreifikerfi veitunnar. Þetta er fyrsta meiriháttar varmadælan hér á landi, og í fyrsta sinn sem slíkt tæki er tengt hitaveitu. Hér er því um athyglisverðan atburð í orkusögu landsins að ræða.

Boranir eftir heitu vatni héldu áfram, svo sem nánar er rakið aftar í skýrslu þessari, í köflunum um Jarðhitadeild og Jarðboranir ríkisins. Stærstu verkefnirn á því svíði voru fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Í Reykjavík voru boraðar þrjár holur og aðrar þrjár rannsóknarholur á Nesjavöllum, en ætlunin er að virkja síðar þær af þeim sem gefa sæmilegan árangur.

Orkusjóður veitti á árinu samtals 13,4 Mkr. lán til borana eftir heitu vatni og annarrar jarðhitaleitar. Árið 1983 var 14,9 Mkr. ráðstafað í sama skyni af sjóðnum.

Á árinu varð umtalsverð aukning í þjónustu Jarðhitadeilda Orkustofnunar við félög og einstaklinga sem nýta eða hyggjast nýta jarðhita til fiskeldis. Nokkrir slíkir fengu lán úr Orkusjóði til borana á árinu. Virðist víða vera mikill hugur í mönnum að nýta jarðhita í þessu skyni.

Í árslok 1984 létt nærrí að jarðhiti sái fyrir 83% af orkupörfinni til húshittunar hér á landi, og að 79% landsmanna hituðu hús sín með jarðhita.

Að þessar tölur eru ekki eins liggur í því, að hitað húsrými á mann er meira á mörgum hitaveitusvæðum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, en annars staðar.

Af öðrum jarðhitaframkvæmdum má nefna, að 3 holar við Kröfluvirkjun voru hreinsaðar, og gufuleiðsla lögð til virkjunarinnar frá borholum við Hvíthóla. Þeirri framkvæmd lauk í ágúst, og í lok þess mánaðar var náð þeim merka áfanga í sögu Kröfluvirkjunar að fyrri vélasamstæðan gat í fyrsta sinn skilað ástimpluðu afli, 30 MW. Síðari samstæðan hefur enn ekki verið sett upp.

Innflutningur á olíu var með hefðbundnum hætti 1984. Um 60% olíunnar koma frá Sovétríkjunum, um 40% frá öðrum löndum. Verðmæti olíuinnflutningsins nam 3.570 Mkr.

## Lagasetning og aðrar aðgerðir stjórnvarda í orkumálum

Á þessu sviði var árið 1984 fremur viðburðalítið.

Alþingi samþykkti ný lög um Hita-veitu Suðurnesja sem m.a. heimila fyrirtækinu að annast rafveituverkstur að undangengnum samningum við einstök sveitarfélög á Suðurnesjum sem nú reka sjálf rafveitur. Lögin heimila einnig ráðherra að selja Hita-veitu Suðurnesja mannvirki Raf-magnsveitna ríkisins á svæðinu, þar að meðal háspennulínurnar frá Elliðaáum til Keflavíkur.

Stóriðunefnd lónaðarráðuneytisins hélt á árinu áfram viðræðum við fjölmarga erlenda aðila um hugsanlegt samstarf um orkufrekan iðnað hér á landi. Fulltrúar ýmissa þeirra komu til landsins á árinu til viðræðna og til að kynna sér aðstæður; þar á meðal fulltrúar frá ALCAN, sem skoðuðu aðstæður fyrir álver í Eyjafirði og ræddu við heimamenn. Í kjölfar þeirrar heimsóknar fylgdi kynnisförlök nokkurra Eyfirðinga og Akureyringa til Kanada, þar sem þeir ræddu við menn frá ALCAN og skoðuðu verksmiðjur í eigu þeirra. Á árinu urðu talsverðar deilur í Eyjafirði um álver þar, og fóru fram undirskriftasafnanir bæði með og móti. Staðarvalsnefnd lónaðarráðuneytisins stóð fyrir mengunarrannsóknum í Eyjafirði, með aðstoð norskrar stofnunar.

EKKI urðu fastmótaðar niðurstöður af viðræðum Stóriðunefndar á árinu, en þeim verður haldið áfram.

Sérstök nefnd manna frá Stóriðju-nefnd og stjórn Kísilmálvmiðslunnar hélt einnig áfram viðræðum við ýmsa erlenda aðila um aðild að Kísilmálvmiðsmiðju á Reyðarfirði. Þeim viðræðum varð ekki lokið á árinu.

Hinn 30. nóv. staðfesti Alþingi viðbótarssamning milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse við aðalsamning þeirra frá 1966. Samkvæmt viðbótarsamningum er verð á raforku frá Landsvirkjun til ÍSAL á bilinu 12,5 – 18,5 mUSD/kWh, og breytist innan þessara marka samkvæmt sérstakri formúlu sem tilgreind er í samningum. Mikilvægustu þættirnir í þeirri formúlu eru skráð verð á áli hjá London Metal Exchange (LME) í London og Metals Week (MW) í New York, alþjóðleg verðvísitala Pechineys og verðlag hjá Alusuisse í viðskiptum milli óháðra aðila.

Með samningi þessum lauk viðræðum um endurskoðun aðalsamningsins frá 1966 sem staðið höfðu árum saman milli ríkisstjórnar Íslands og Alusuisse.

## Orkurannsóknir

Aftar í þessari ársskýrslu er lýst í einstökum atriðum rannsóknum Orkustofnunar 1984. Hér verða þær aðeins reifaðar í megindráttum til yfirlits.


Árið 1984 var annað ár langtímaáætlunar um orkurannsóknir á árunum 1983–1987 sem Orkustofnun gerði 1982 og sendi stjórnvöldum. Sú áætlun

un var hluti af langtímaáætlun um rannsóknir í þágu atvinnuveganna 1983–1987, sem Rannsóknaráð ríkisins gekkst fyrir. Sú áætlun í heild hlaut rækilega umfjöllun hjá stjórnvöldum áður en gengið var frá henni; þar á meðal sendu einstök ráðuneyti Rannsóknaráði umsagnir um hana. Alþingi ályktaði um þessa áætlun snemma árs 1983, þar sem ákvæðið var að hún skyldi lögð til grundvallar stefnumörkun í rannsóknum í þágu atvinnuveganna.

Fjárlagatillögur Orkustofnunar fyrir 1983 og 1984 voru gerðar í samræmi við langtímaáætlunina. Miklum mun minna fé var veitt til orkurannsókna bæði árin en tillögur voru gerðar um. Raunar lækkaði fjarveiting til Orkustofnunar bæði árin að raungildi, um nál. 26% 1982-83 og nál. 18% 1983-84. Þessi þróun er áhyggjuefn ef hún heldur áfram sökum þess hve orkurannsóknir eru tímafrekar, og að illmögulegt er að ná upp á skömmum tíma því sem þær hafa árum saman dregist aftur úr áætlun.

Bókfærð útgjöld Orkustofnunar námu á árinu rúnum 124 Mkr.; þar af fengust 50 Mkr. eða 40% sem sértékjur, en 74 Mkr. sem framlag á fjárlögum.

Að VATNSORKURANNSÓKNUM var unnið að hefðbundnum hætti á árinu að mestu. Áhersla var lögð á að efla vatnamælingar; einkum rennslismælingar að vetrí á hálandinu. Unnin voru söluverk fyrir Landsvirkjun í tengslum við Kvíslaveitu, Sultartangavirkjun,



Vatnsöflun fyrir laxeldisstöðvar hefur verið vaxandi þáttur í starfsemi Orkustofnunar. Kannaður var stöðugleiki vatnsborðs og vatnsgæfni með dæluprófun í landi staðar við Grindavík fyrir Íslandslav hf. Á myndinni sést þegar dælt var 210 l/s úr opinni gjá án þess að vatnsborð breyttist að ráði. (Ljósmynd, Sæbör L. Jónsson).

*Water supply for fish farming has received increased attention. A pump test of 210 l/s from a fissure near Grindavík showed little draw-down (see photo).*

stækkun Búrfellsvirkjunar, Vatnsfellsvirkjun, Búðarhálsvirkjun, Blönduvirkjun, Fljótsdalsvirkjun, Bjallavirkjun og hækken vatnsborðs í Þórísvatni. Að eigin verkefnum var unnið við Jökulsárnar í Skagafirði, Þjórsá neðan Búrfells og ofan ármóta við Tungnaá (Efri-Þjórsá), Hvítá Árnessýslu, Skjálflandafljót við Íshólsvatn, Jökulsá á Dal, Markarfljót og Síðuvötn.

Að JARDHITARANNSÓKNUM var unnið víðsvegar um land fyrir einstakar hitaveitur, eins og löngum áður. Langstærsta verkið var rannsóknir á Nesjavöllum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur. Ennfremur var unnið fyrir Rafmagnsveitir ríkisins vegna Kröfluvisvirkjunar og smávegis fyrir Sjóefnavinnsluna á Reykjanesi. Til nýjunga má telja að á árinu fóru fram í samvinnu við Hitaveitu Suðurnesja, sem greiðir hluta kostnaðarins, tilraunir til að dæla affallsvatni niður í jörðina aftur; hinarr fyrstu hér á landi. Af eigin verkefnum má nefna forathuganir á háhitasvæðinu við Krísuvík—Trölladyngju. Því miður brást það þriðja árið í röð að fengist til að bora þar fyrstu holuna. Haldið var áfram að þróa tölvuforrit til úrvinnslu jarðhitamælinga og undibúnir líkanreikningar af háhitasvæðum. Einnig var fram haldið rannsóknir um útfellingum, tilraunum með varmadælur, í samvinnu við aðra, hagkvæmniathugunum á jarðhitanytingu og margvíslegum jarðhitaranansóknum almenns eðlis.

Á árinu var gerð könnun á hagkvæmni raforkuvinnslu með jarðhita í tengslum við nýtingu hans til fiskeldis. Hún bendir á athyglisverða möguleika til ódýrrar raforkuvinnslu svo fremi að fiskeldi með háhita út af fyrir sig sé arðvænlegt. Hvort svo er ræðst af ýmsum atriðum sem enn hafa ekki verið nægilega rannsökuð, einkum fiskifræðilegum og líffræðilegum atriðum.

Nýmæli er, að á árinu hófst Jarðhitadeild Orkustofnunar handa um að leita að ráðgjafa- og rannsóknarverkefnum erlendis á sviði könnunar og nýtingar jarðhita, í samvinnu við verfræðisamsteypuna Virki h.f. Tilgangurinn er að greiða fyrir útflutningi á íslenskri sérfræðipekkingu á þessum sviðum, en Orkustofnun er vel kunn víða erlendis fyrir jarðhitaranansóknir sínar sem er mikilvægt atriði í viðleitni Íslendinga til að komast inn á markað erlendis á þessu sviði. Orkustofnun og Virkir gerðu sameiginlega tilboð í verk í fjórum löndum. Samið var um eitt verk í Grikklandi og undir lok ársins voru viðræður hafnar um annað þar í landi.



Orkustofnun í samvinnu við Virki hf. tók að sér rannsóknir á jarðhitavirkjun fyrir landsvirkjun Grikklands. Á myndinni sést hvar verið er að koma fyrir íslenskum mælibúnaði á borholu á eynni Milos. (Ljósmynd: Halldór Ármannsson).

*The Icelandic National Energy Authority in cooperation with Virkir Consulting Group Ltd. undertook to carry out the exploratory work in connection with a geothermal development project in Greece. The photo shows borehole testing with Icelandic equipment on the island of Milos.*

Jarðhitaskólinn var rekinn á svipaðan hátt og áður, með áttu styrkþegum frá fimm löndum.

Á sviði ORKUBÚSKAPAR var haldið áfram söfnun og útgáfu á skýrslum um íslensk orkumál. Einnig var fram haldið ýmsum almennum könnunum á sviði orkubúskapar. Unnin voru verk fyrir orkusparnaðarátak lónaðarráðuneytisins og Orkuspárfnefnd, en hún vann á árinu, einkum síðari hluta bess, að endurskoðun á orkuspáum frá árunum 1980—1982. Þær hafa reynst of háar. Undir árslok voru Landsvirkjun látnar í té fyrstu bráðabirgðatölur frá nefndinni varðandi þróun raforku-notkunar.

Á árinu var með aðstoð bresks ráðgjafafyrirtækis unnið að frumúttekt á hagkvæmni surtarbrandsvinnslu á Vestfjörðum samkvæmt sérstakri ályktun Alþingis. Verkinu lauk á árinu. Varð niðurstaðan sú að verð á innflutnum kolum þyrti um það bil að þrefaldast áður en slík vinnsla á surtarbrandi borgaði sig.

Fram var haldið vinnu við endurskoðun á aðferðum við mat á orkumætti vatnsaflsstöðva og rekstri beirra, í samvinnu við Landsvirkjun og Rafmagnsveitir ríkisins.

## Stjórnsýsla

Stjórn Orkustofnunar var á árinu 1984 skipuð þessum mönnum:

Jónas Elíasson, prófessor, formaður.  
Valdimar K. Jónsson, prófessor.

Kristmundur Halldórsson, deildarstjóri í lónaðarráðuneyti.

Ritari í stjórn var Jón Guðmar Jónsson, fjármálastjóri. Stjórnin hélt 28 fundi á árinu.

Í lok ársins skipaði iðnaðarráðherra stjórn fyrir 1985. Var Þóroddur Th. Sigurðsson, vatnsveitustjóri í Reykjavík skipaður í hana, en Kristmundur Halldórsson létt af störfum í stjórninni.

Stjórnin vann, ásamt orkumálastjóra og forstjórum deilda, áfram að skipulagsmálum stofnunarinnar, einkum Jarðhitadeildar, en um aðrar deildir hafði verið fjallað áður. Skipulagsmál í tengslum við öflun og framkvæmd verka erlendis voru einnig tekin til meðferðar. Unnið var áfram að því að koma betri skipan en áður á skráningu verkefna, verkskil og áætlanagerð.

Framkvæmdaráð Orkustofnunar hélt 12 fundi á árinu. Ritari þess var Ólafur Guðmundsson, aðalbókari.

Ráðgjafafyrirtækið Hagvangu lauk á árinu úttekt á starfsemi og skipulagi Orkustofnunar sem hófst árið áður að sérstakri ákvörðun lónaðarráðuneytisins. Í framhaldi af þessari könnun gerðu stjórnendur Orkustofnunar seit á árinu könnun á möguleikum til hagræðingar á stofnuninni. Var þeirri könnun að mestu lokið um áramót.

*Jónas Elíasson  
Valdimar K. Jónsson*

## Starfssvið og starfshættir

Vatnsorkudeild greinist í sex fagdeildir, sem samhæfa krafta sína að undirbúningsrannsóknum vegna vatnsaflsvirkjana. Vitneskja um rennsli og heppilegt landslag getur gefið tilefni til að athuga möguleika á virkjun. Ef fyrsta athugun er jákvæð, fylgir öflun nákvæmari korta, frekari rennsismælingar, og eftir atvikum athuganir á jarðfræði og umhverfi fyrir næstu forathugun. Ef sú athugun er einnig jákvæð fylgir stig, sem kalla má leit að virkjunarleið, en hennar vegna þarf jarðfræðikortlagningu, umhverfisrannsóknir, byggingarefniskönnun o.fl. eftir atvikum. Sífellt er unnið að nauðsynlegum rannsóknum, sem þarf til að fá sem nákvæmst mat á vatnsbúskap væntanlegrar virkjunar. Með samspli rannsókna og verkfræðilegra athugana er virkjunarhugmynd mótuð og rannsóknum beint að tilteknum virkjunarstað. Jafnframt eykst hlutur jarðtæknilegra rannsókna eftir því sem tilhögur virkjunar skýrist.

Orkustofnun hefur að mestu frumkvæðið að rannsóknum á fyrstu stigum og eru þær yfirleitt kostaðar af framlagi á fjárlögum. Virkjunaraðili tekur við þeim til undirbúnings verkhönnunar og síðar útboðs og byggingar. Rannsóknir á því stigi eru unnar að miklu leyti af Orkustofnun á vegum virkjunaraðila og kostaðar af honum. Rannsóknir á byggingarstigi, m.a. tengdar eftirliti, fara vaxandi. Orkustofnun og Landsvirkjun halda reglulega samráðsfundi um samræmingu vatnsorkurannsókna og samstarfsnefndir vinna að ýmsum verkefnum, m.a. í tengslum við hönnun virkjana og rekstur raforkukerfisins.

Vatnsorkudeild kaupir þjónustu af ýmsum aðilum, svo sem verkfræðilega ráðgjöf af verkfræðistofum, rannsóknir á svíði umhverfismála af rannsóknastofnum í náttúrufræði, ljósmyndun úr lofti af Landmælingum Íslands og teiknun grunnkorta af fyrirtækjum sem sérhæfa sig á því svíði. Vatnsorkudeild innir af hendi ýmsa þjónustu, þar sem notaðar eru svipað-

ar aðferðir og við virkjunarransóknir, fyrir sveitarfélög, fyrirtæki o.fl., eftir því sem tími vinnst til og gegn gjaldi.

Fjölbreytilegar aðferðir eru notaðar við rannsóknir á virkjunarstöðum. Þykkt lausra jarðлага er könnuð með léttum titringsbor og hljóðhraðamælingum, þar sem byggð er á mismunandi hljóðhraða í ólíkum jarðlögum. Áreiðanleiki þessara aðferða er ekki alltaf sem skyldi, en þær eru ódýrar, og til samanburðar eru því oftast boraðar nokkrar holur með litlum svareða kjarnaborum, sem gefa til kynna gerð jarðlaganna. Til rannsókna á jarðlagaskipan á mannvirkjastöðum er notast við kortlagningu á nálægum opnum, og stóra kjarnabora.

Grunnvatnshæð og vatnshiti eru mæld í tiltækum borholum og lindum, en þessi þættir ásamt lekt jarðлага gefa upplýsingar um uppruna og rennsli grunnvatnsins, sem hafa mikla þýðingu fyrir hönnun mannvirkja. Lekt er oftast metin, þæði með því að dæla vatni í holur og mæla skoltap eða þrýstifall og með því að dæla úr holum og mæla niðurdrátt í nálægum holum. Deildin hefur unnið að þróun þessara aðferða með góðum árangri.



Léttur titringsbor (cobra-bor) er oft notaður til að kanna þykkt lausra jarðefna (dýpi á fast). Myndin sýnir hvor verið er að bora með cobrabor á skurðleið við Austara Friðmundarvatn vegna Blönduvirkjunar. (Ljósm./photo, Ágúst Guðmundsson).

*Probing of the thickness and nature of the superficial deposits (overburden) on the diversion canal site of the Blanda hydro-power project.*


Sprungur má kortleggja af loftmyndum og með lágtíðni útvarpsbylgjum (VLF-mælingar), sem gefa vísbendingu um vatnsleiðandi sprungur.

Leit að efnisnámum og könnun þeirra vegna mannvirkjagerðar byggir á kortlagningu lausra jarðлага, greftri í líklegar námur og rannsókn á sýnum úr gryfjum.

## Rannsóknir virkjunarsvæða og virkjunarstaða


Stærsta verkefnið sem unnið var að á forrassóknarstigum er virkjun í JÖK-ULSÁ í SKAGAFIRÐI (svonefnd Stafnsvatnavirkjun), en þar er jafnframt eini virkjunarkosturinn sem er á forhönnunarstigi í rannsóknum. Þriðju forathugun lauk á árinu. Settur var upp vatnshæðarsíriti nærri væntanlegu stíflustæði í Austurbug og rennsismælt víða á vatnasvæðinu. Unnið var að lengingu rennsisraða vegna virkjunaráætlana. Mælt var vegna korta í mælikvarða 1:20.000 við Urðarvötn, vegna hugsanlegrar veitu vatns þaðan til Geldingsárdraga. Efni til stíflugerðar var kannað ýtarlega og fannst líklega nægilegt efni í viðunandi fjarlægð frá stíflustæðum. Bergkortlagningu miðaði vel á árinu. Þykkt lausra jarðлага og berggerð í efstu jarðlögum við Reyðarvatn og á stíflustæði við Eyfirðingavað var könnuð. Eftir hinn snjólétta veturnar var mikill jarðklaki á svæðinu, sem veldur erfiðleikum við túlkun gagna frá árinu. Endahnúturinn var bundinn á umhverfisrannsóknir með nánari rannsókn á gróðri Orravatnsrústa, könnun tjarna í Austari-Pollum og vífðar, mannvistarleifar á Þorljótsstöðum voru mældar inn. Lokið við gróðurkort af Giljamúla til prentunar. Lokið var við kort í mælikvarða 1:20.000 af sunnanverðum Skagafirði.

Við NEDRI-ÞÓRSÁ var vinnu við set- og vatnakort á öllu virkjunarsvæðinu þokað áleiðis og fram haldið kortlagningu með tilliti til sprunguvirkni og jarðskjálftahættu. Hafinn var undir-



Myndin sýnir líklega útfærslu á virkjun Austari-Jökulsá í Skagafjörði. Grunneiningin er svonefnd Stafnsvatnavirkjun. Miðlunarlón hennar, Bugalón, yrði myndað í ánni sunnan og austan Reyðarvatns. Þangað yrði veitt vatni úr Geldingsá (og etv. Urðarvötnum) að austan, og úr Fossá um Bleikálu að vestan. Vatn yrði leitt um Reyðarvatnslægðina, um veitulón í Rústakvísl (Kvíslarlón) og í inntakslón í Stafnsvatnalaegðinni. Þaðan yrði vatni veitt út Giljamúla í um 660 m y.s. og tekið niður í pípum eða góggum að stöðvarhúsi við Hofsá um 2 km norðan eyðibýlisins Þorljótsstaða, í um 265 m y.s. Mögulegt er talið að veita til virkjunarinnar úr Jökulsá vestari um svonefnda Hraunþúfuveitu, en um hana eru áætlunar enn mjög ófullkomnar. Með Hraunþúfuveitu er áætlað að af Stafnsvatnavirkjunar mætti auka úr 140 í 180 MW, orkuvinnslu úr 740 í 940 GWh/a en verð á orkueiningu gæti hækkað úr 5,16 í 5,43 kr/kWh/a (des. 1983). Úr: Verkfraeðistofa Sigurðar Thoroddsen hf 1984: Virkjun Austari-Jökulsár, Stafnsvatnavirkjun (forathugun).

*Proposed hydro-power development plan for Austari-Jökulsá river, Northern Iceland. Estimated capacity is 740 – 940 GWh/a depending on possible diversion from Vestari-Jökulsá river.*



Á ljósmyndinni, sem tekin er úr lofti, er sýnd lega inntakslóns í Stafnsvatnalaegðinni og skurðleiðin út Giljamúla (Ljósmynd, Oddur Sigurðsson).  
Aerial view of the site of the intake reservoir and headrace canal of the proposed Stafnsvatnavirkjun hydro-power scheme.



Búðafoss.



Hestfoss í Árneskvísl.



Urriðafoss.

Á árinu kom út skýrsla um forathugun á virkjunarmöguleikum neðan Búrfells. Þaðan til sjávar fellur Þjórsá um 126 m á 74 km vegalengd. Þar af fellur án um 50 m á 13 km vegalengd við Búðafoss og 36 m við Urriðafoss. Þær leiðir sem athugaðar hafa verið til að virkja þetta fall gefa frá 1.725 til 2.075 GWh/a orkuviðbót, fyrir um 5,7—5,9 kr/kWh/a. Talsverður lax hefur veiðst í Þjórsá, mest neðan Urriðafoss, en einnig milli Urriðafoss og Búðafoss. Lax hefur hinsvegar sáralítið veiðst ofan Búðafoss, en ekki er að sjá að hann sé gönguhindrun. Göngurás („laxastigi“) hefur verið sprengd í Hestfoss. (Ljósmynd: Árni Hjartarson).

*Three waterfalls in the lower reaches of Thorsjá river (downstream of Búrfell) creating potentials for hydro-power development with possible generating capacity of 2000 GWh/a.*

búningur að því að koma fyrir nokkrum jarðskjálftamælum á öllu svæðinu frá Þorlákshöfn að Búrfelli í samvinnu Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands. Umfangsmiklar landmælingar voru gerðar til að geta fylgst með hreyfingum lands m.t.t. væntanlegs Suðurlanskjálfta. Jarðvegs- og jarðgrunnsþykkt var könnuð á veituleiðum við Urriðafoss. Lokið var endanlegri forathugun á virkjunarhugmyndum.

Við EFRI-ÞJÓRSÁ var lokið forathugun á virkjunarkosti, sem nefndur er Hnappölduvirkjun, og skilur sig m.a. frá öðrum hugmyndum um virkjun á þessu svæði með betri nýtingu á falli og vesturþverárm Þjórsár. Fyrir Landsvirkjun voru efnisnám könnuð lauslega og umsjón höfð með vinnsluþrófun bólstrabergs.

**HVÍTA Í ÁRNESSÝSLU.** Athugun á nákvæmni mældra rennslisraða var fram haldið og m.a. rennslismælt víða á vatnsvæðinu. Lagt hefur verið til að reisa nýjan vatnshæðarmæli við Bláfell og reka hann til samanburðar við Fremstaversmælinn. Landmælingum vegna korta í 1:20.000 var lokið á árinu. Hafin var jarðfræðikortlagning á svæðinu. Þriðja forathugun hófst á árinu, en hún hefur tafist vegna óvissu um nákvæmni rennslisraða. Þessi forathugun mun við það miðuð að ekki verði virkjað framhjá Gullfossi.

Í SKJÁLFANDAFLJÓTI voru gerðar rennslismælingar og rennslisraðir útbúnar vegna 2. forathugunar virkjunar við ÍSHÖLSVATN, en henni lauk að mestu á árinu.

Við JÖKULSÁ Á DAL var bergkortlagningu lokið að mestu umhverfis ofanverða Jökulsá og út á Jökuldalsheiði og setkortlagning er komin þó nokkuð á veg á sama svæði. Endurskoðun 2. forathugunar lauk að mestu. Unnið var að rennslisrekningum fyrir Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum. Unnið var að skýrslugerð um náttúrufarskönnum og undirbúningi að útgáfu gróðurkorta með Rannsóknarstofnun landbúnaðarins.

Við MARKARFLJÓT lauk forkönnun á jarðfræði svæðisins. Út kom greinarngerð um lónaset og öskulög. Upp takavíslar Markarfljóts voru rennslismaeldar.

Á virkjunarsvæði SÍÐUVATNA, þ.e. á milli Mýrdalsjökuls og Vatnajökuls, var lokið við tvö kortblöð í mæli-kvarða 1:20.000 (með 5 m hæðarlínium) og byrjað á tveimur til viðbótar.

Síriti var settur í Hólmsá og rennslis-mælt viða á vatnsvædinu.

Fyrir Landsvirkjun var unnið á for-hönnunarstigi við svonefnda BJALLA-VIRKJUN að jarðfræðikortlagningu og könnun á þykkt lausra jarðlaga á mögulegum stíflustæðum, skurðleiðum og stöðvarhússtæði.

Á síðari undirbúningsstigum er unnið að nokkrum stórum verkefnum FYRIR LANDSVIRKJUN, aðallega á ÞÓRS-ÁR—TUNGNAÁRSVÆÐINU.

Við Búrfell var gerð umfangsmikil dæluprófun til að kanna lekt á fvrir-huguðu stöðvarhússtæði, vegna STÆKKUNAR BÚRFELLSVIRKJUN-AR.

Hafin var vegtvangskönnun á hagkvæmni þess að byggja SULTARTANGAVIRKJUN í farvegi Þjórsá, fremur en neðanjarðar í Sandafelli. Jarðlagaskipan við ána var könnuð, og leitað að veilum í hrauninu og mögulegum leka úr farveginum, sem gæti truflað skurðröft.

Jarðlagaskipan á stöðvarhússtæði VATNSFELLSVIRKJUNAR var könnuð ýtarlega, bæði með hefðbundnum aðferðum og stórvirkum vinnuvélum. Mögulegur leki úr inntakslóninu var tekinn til rækilegrar athugunar með kortlagningu á væntanlegum lónbotni. Auk þess var umfangsmikil dæluprófun gerð á stöðvarhússtæði ásamt ýtarlegum grunnvatnsmaelingum á svæðinu frá Þórisvatni að Krókslóni. Þykkt lausra jarðlaga þar sem frá-rennsliskurður er áformaður var könnuð. Jafnframt var fylgst með tilraunum til að móta frárennslisskurðinn með gröfum og ýtum samfara vatnsskolun, í því augnamiði að láta vatnið sem mest um að grafa hann.

Aðalverkefnið við KVÍSLAVEITU var rannsókn á undirstöðum stíflu í Þjórsá. Auk þess voru boraðar nokkrar holur í tengslum við könnun á því hvernig undirstaðan kynni að bregðast við jarðskjálftum. Vatnsorkudeild sá um gerð og frágang holanna. Þá voru kannaðar undirstöður stíflina í Hreyskvísl og Grjótavísl. Auk þess var fylgst með framkvæmdum og athugað hversu vel rannsóknir hefðu sagt fyrir um vinnsluaðstæður. Framburður Þjórsár á stíflustæði er lítt þekktur, en gæti valdið erfiðleikum við rekstur þessa hluta veitunnar. Framburður Þjórsár á þessum slóðum var mældur og jafnframt mælt hvað sest hefur til í Sauðafellsþóni (Kalda-kvísl) og Krókslóni (Tungnaá). Í þessum lónum hafa 0,6—0,7 milljónir ten-



Rofbakki í túffgígnum Brandi á austurströnd Þórisvatns (í Austur-Botnum). Bakkinn hefur rofist við hækken um vatnsborði vatnsins frá 1972. Myndin er tekin 29/6 1984, en þá var vatnborð í tæpum 575 m, eða um 4 m hærra en fyrir miðlun. (Ljósmynd: Snorri P. Snorrason).

An erosional feature in the tuff crater Brandur at the eastern shore of the Lake Thorisvatn reservoir, caused by raising of the water level (since 1972).

ingsmetra sest til á hverju ári, sem er í samræmi við spár.

Í framhaldi af Kvíslaveitu er áformað að hækka ÞÓRISVATN úr 576 í 581 m y.s. (hæsta vatnsborð). Rannsóknir beindust fyrst og fremst að mögulegum leka vestur úr vatninu um svonefnda Launoldumyndun og athugun á stíflustæði í Flekavík. Siglt var með allri strönd vatnsins og hugað að rofi og reynt að kortleggja líklegt landbrot við hækken um vatnsins. Í leiðinni voru eyjarnar og önnur óaðgengileg svæði kortið og fyrir jarðfræðikort. Grunnvatn í borholum og lindum allt í kringum vatnið var mælt. Fylgst var með framkvæmdum við þéttingu á stíflustæði við Þórisós, og í því skyni mælt í lindum og borholum. Haldið var áfram rannsóknum á svonefndri bakkamiðun í hrauninu að baki Þórisvatns, og hegðan grunnvatns er streymir frá Vatnajökli um vatnsvið Tungnaá.

Lítillega var hugað að lausum jarðlöggum á væntanlegu stíflustæði við Koldukvísl, Búðarhálsmeigin, vegna BÚDARHÁLSVIRKJUNAR.

Við BLÖNDU var gerð könnun á grjótnámi í olduvörn á stíflu við Ref-tjarnarbungi. Eftirlit var haft með jarðgangagerð í Blöndu, og gefin ráð þar að lútandi. Lokið var rannsóknum vegna væntanlegra breytinga á farveginum neðan virkjunar eftir að virkjunin tekur til starfa. Í Straumfræðistöð var lokið við líkantilaunir vegna lokuvirkja við Kolkuhl og botnrásar í Blöndu við Reftjarnarbungi. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á hönnun

mannvirkja til sparnaðar við þessar tilraunir.

Vegna FLJÓTSDALSVIRKJUNAR var enn fylgst nákvæmlega með vorflóðum á Fljótsdalsheiði. Aukið var við rennslismælingar og rennslisraðir endurskoðaðar. Reistir voru tveir nýir vatnshæðarmælar; í Laugará og Fellsá. Veðurhæð og hiti voru skráð sjálfvirk á 3ja tíma fresti allt árið og gekk rekstur stöðvarinnar vel þetta árið. Haldið var áfram með útboðs-rannsóknir; grundun nokkura steyptra mannvirkja, tilraunavinnslu í efnisnánum og þéttungatilraunir á stíflustæðum.

## Vatnamælingar og aurburður

Aðalverkefni Vatnamælinga var sem fyrst rekstur vatnshæðarmælinetsins, sem er riðið úr um 150 vatnshæðarmælistöðvum, og úrvinnsla gagna og útgáfa þeirra á aðgengilegt form. Mikið var rennslismælt á árinu, bæði við helstu virkjunarstaði, og vegna eftirlits með rennslismælistöðvum. Stöðugt er unnið að endurskoðun mælinetsins, eins og víða kemur fram í frásögn af virkjunarverkefnum. Unnið var að úrbótum á rennslislíkönum, og m.a. bætt árunum 1980-83 við rennslisraðir vegna rekstrarfeftirlíkinga.

Árið 1984 var hlýtt og vatnsgjöfult ár; rigningasumar sunnanlands og vestan. Undir vorið var lítill snjór til að leysa er vorflóð hófust undir lok apríl og hálandisflóð í lok maí. Jökulár

voru miklar út sumarið. Til marks um hagstæða vatnsstöðu sunnanlands er að Kleifarvatn hefur ekki verið hærra í 10 ár.

Nokkur jökulhlaup urðu á árinu. Emstrúá syðri og Súla (Grænalónshlaup) hlupu í júlí. Þá hljóp einnig úr Hnútulóni um Kverká, og Kreppu í Jökulsá á Fjöllum. Í ágúst hljóp svo úr eystra ketilsigi Skaftár, tvöfalt meira en undanfarin á (435 G1).

Á árinu 1984 var safnað um 420 AURBURDARSÝNUM. Þar af voru rösk 100, sem mæld voru fyrir Landsvirkjun. Úrvinnslu botnskriðssýna frá 1982 og 1983 var að mestu lokið. Úrvinnslu og skýrslugerð um heildarúttekt á aurburði fallvatna hérlandis, og mati á því hvernig aurbuðarrannsóknir standa, miðaði vel á árinu. Skýrsla um rannsóknir á fosför í frambarði jökuláa liggur fyrir í handriti.


## Landmælingar

Auk LANDMÆLINGA vegna kortagerðar á virkjunarstöðum voru borpholur, gryfjur, mælisnið o.p.h. mæld inn til nákvæmrar staðsetningar. Lengdarmælingar og hæðarmælingar til að fylgjast með breytingum lands voru gerðar á Suðurlandi og við Trölladyngju á Reykjanes-skaga. Sömuleiðis var hæðarmælt við Kröflu í sama skyni. Gerð var skýrsla til Landsvirkjunar um landmælingar vegna kortagerðar á þeim hluta Þjórsárvæðis, sem enn hefur ekki verið kortlagður í mælikvarða 1:20.000 með 5 m hæðarlínum.

## Almenn jarðfræði og grunnvatn

Unnið var að JARÐFRÆÐIKORTLAGNINGU á virkjunarsvæðum við Þjórsá—Tungnaá og á Fljótsdalsheiði, að hluta fyrir Landsvirkjun. Kortin eru í mælivkarða 1:50.000 og eru unnin þrjú kort fyrir hvert kortblað; berg, set og vötn. Auk þess við Jökulsá á Dal, á Hofsafrétti og við Neðri-Þjórsá. Í tengslum við þetta verk var lokið við tillögur að stöðlun merkinga á jarðfræðikort, sem bornar voru undir ýmsa aðila utan OS. Öskulagarannsóknir á háleindi Mið-Suðurlands vegna jarðsögutímatsals eru á lokastigi. Í árslok voru alls 7 kort að mestu tilbúin til útgáfuvinnslu.

Kannaðar voru LINDIR, þær mældar og tekin sýni í Biskupstungum og víðar, m.a. við Jökulsá á Dal og Jökulsá á Fjöllum. Athuganir voru



Vatnamælingamenn bora í gegnum ís á Hvítá við Hvítárvatn til rennslismælinga. (Ljós.m./photo, Águst Guðmundsson).


The discharge of river Hvítá downstream of lake Hvítárvatn measured through ice.

hafnar á lindum í uppsveitum Borgarfjarðar. Unnið var að efnagreiningum á köldu vatni, um 130 sýni, vegna rannsókna deildaðarinnar.

Í rannsóknum á HAGNÝTUM JARÐEFNUM var móranneksóknum komið á skýrslustig.


## Þróun í jarðtækni

Rannsóknum á jarðgöngum hérlandis og í Færeyjum lauk með útgáfu 2ja skýrsluna. Berggæðamatskerfi, sem hefur verið í þróun, hefur verið reynt í Blöndugöngunum jafnóðum og bau lengjast. Athugun á endingu borkróna var lokið og tillögur settar fram um val á borkrónum við mismunandi aðstæður. Unnið er að þróun forrita til að teikna borholusnið. Það hefur lengi



Borvagn að störfum í aðkomugöngum Blönduvirkjunar. Unnið að undirbúnungi sprengingar. (Ljós.m. photo, Birgir Jónsson).

Atlas copco drill jumbo in action in the 0.8 km long access tunnel of the Blanda hydro-power project. Drilling and charging in progress.



Á þessari mynd er sýnt rennsli á 3 mælistöðvum á vatnsviði Lagarfljóts. Á grunninn er teiknað vatnsvið mælistöðva á Héraði og Fljótdalsheiði, og afrennsli þeirra ( $\text{m}^3/\text{s}$ ). Sýndur er ársferill rennslisins tímabilið 1979—83 og rennsli 1984 til samanburðar (dagsmeðaltöl). Ársferill sýnir árstíðabundnar breytingar meðalrennslis.

		Vatnsvið km $^2$	Meðal- rennsli $\text{m}^3/\text{s}$	Afrennsli $\text{m}^3/\text{s}$	Tíma- bil
	vhm				
Jökulsá í Fljótsdal við Hól	J + D	109	575	27	46
Kelduá við Kiðafellstungu	D	205	278	17	60
Bessastaðaá, Hylvað	D	34	127	3	24

Ársferill rennslisins dregur fram helstu einkenni hverrar ár. Í Jökulsá í Fljótsdal fer rennslið hæst í vorleysingum og síðan aftur síðla sumars með jöklaleysingu, svo sem títt er um jökulár. Mest ber á Kelduá í leysingum á vorin, og í haustrigningum. Oft hleypur mikill vöxtur í hana vegna mikillar rigningar í snjó á freðinni jörd. Helst verða slíkar aðstæður fyrri part vetrar. Tvívegis hafa stærstu hlaupin hrifnið með sér mælistöðina, en giskað er á að þau hafi náð um  $700 \text{ m}^3/\text{s}$ . Bessastaðaá er vart annað en vorleysing, og gefur ársferill hennar til kynna að á Fljótdalsheiði sé vorleysing í maí og júní. Í júní 1984 hljóp úr Háoldulóni (við Eyjabakkajökul) í Jökulsá í Fljótsdal.

*Hydrographs showing the mean yearly variation of discharge for the period 1979—83 as well as the daily flows for the year 1984 for three rivers involved in the Fljótdalsvirkjun hydro-power project.*

vafist fyrir mönnum að ná óhreyfðum sýnum af sandi og möl í yfirborðslögum, áraurum o.b.h., en árinu var smíðaður sýnataki, sem lofar góðu.

## Erlend samskipti

Farnar voru nokkrar ferði til Norðurlanda vegna vatnafraeðisamstarfs, vatnafraeðiráðstefna og námskeiða í straumfraeði, landmælingum og kortagerð, auk sýningar á svíði vatnarmælinga. Sótt var ráðstefna um mannvirkjajarðfræði í USSR og um jarðgöng í Venezuela.

## Raflínurannsóknir

Orkustofnun hefur umsjón með störfum Raflínunefndar. Á hennar vegum voru m.a. kannaðar línuleiðir frá Andakíl í átt til Snæfellsness, frá Blönduvirkjun, annarsvegar að byggðalínu og hinsvegar um Kiðaskarð og Hörgárdalsheiði til Akureyrar, og ýmsar minni háttar línur fyrir Rafmagnsveitir ríkisins. Áfram var haldið söfnun upplýsinga um ísingu og vindálag, en nefndin tekur til meðferðar staðsetningu línnanna bæði út frá forsendum

um álag og umhverfissjónarmiðum. Á árinu hefur verið unnð að úrvinnslu veðufræðilegra gagna frá Nýjabæ og Sandbúum og er skýrsla nær fullbúin. Unnið var að því að taka saman skýrslu um störf nefndarinnar frá 1977—1983.

## Verkfræði- og rennslisreikningar

Endurskoðun á virkjanalíkani því sem notað er við kostnaðar- og hagkvæmnismat virkjanakosta er lokið


með greinargerð, sem er til athugunar. Tekin var saman grein um aðferðir við mat á lekt vegna stíflugerðar. Unnið var að þróun RENNSLIS-LÍKANA fyrir íslenskt vatnasað, og voru öll veðurgögn sem tiltæk voru á tölvtvæku formi, sem sólarhrings-ígildi, yfirfærð frá Veðurstofunni á tölvu Orkustofnunar. Könnuð var óvissa í mælingum á rennsli og rennslisíkönum sem notuð eru við að leggja rennslisraðir, og byrjað að huga að því, hvar bæta þurfi við rennsis-athugunum vegna grunnrannsókna víða um land. Lítillega var unnið við heildarmat á vatnsorkunni.

## Ýmis bjónustuverkefni

Einn starfsmaður STRAUMFRÆDISTÖÐVAR vann að verkefnum fyrir Hafnarmálastofnun.

Skipta má bjónustuverkefnum í 4 flokka: UMHVERFISMÁL, aðallega mengunarrannsóknir og mengunar-eftirlit, NYTJA- OG NEYSLUVATN. Athugun á vatnsöflunarleiðum fyrir vatnsveitir o.fl. Á liðu ári var óvenju mikil unnið fyrir fyrirtæki sem eru að undirbúa fiskeldi, einkum á Reykjanesi, og er þar bæði um að ræða öflun ferskvatns og jarðsjávar. Eftir rannsóknir vegna Hitaveitú Suðurnesja er deildin vel undir það bún að veita þessa bjónustu. MANNVIRKJA- GRUNDUN. Rannsókn á undirstöðum mannvirkja í hönnun. JARDEFNI. Í þennan flokk fellur eingöngu SURTARBRANDUR, sem unnið var að fyrir lönaðarráðuneyti, en fengin var að stoð breskra námuverkfraðinga til að gera hagkvækmismat á vinnslu. Auk þess er talsvert unnið að beiðni Jarðhitadeilda, aðallega landmælingar og þyngdarmælingar.

Stærstu viðskiptaaðilarnir voru: RARIK vegna athugunar á áhrifum Lagarfljótsmiðunar og undirstöðum línustæða; KÍSILÍDJAN vegna mengunarrannsókna; ÍSLANDSLAX HF. vegna fiskeldis að Stað við Grindavík; VATNSVEITA HAFNARFJARDAR vegna Kaldárbotna; REYKJAVÍKUR-HÖFN vegna mannvirkja; VATNSVEITA REYKJAVÍKUR vegna prófunar rennsismæla; STAÐARVALSNEFND, en einum starfsmanna hennar í hlustaði var sköpuð vinnuaðstaða á deildinni. Meðal annarra viðskiptaaðila má nefna; GARDÝRKJUSKÓLA RÍKISINS, LÍFFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS, ELDI HF. GRINDAVÍK, BORGARNESKAUPSTAÐ og SÍLDAR- og FISKIMJÖLSVERKSMÍÐJUNA KLETT HF.



Tvíþólþrófanir hafa reynst vel við mat á lekt jarðlaga. Vatni er dælt upp úr einni holu og niður í aðra, samtímis sem fylgst er með vatnsborði í mæliholum. Eftir að dælt hefur verið í einn til two sólarhringa næst nýtt jafrnvægi og er þá hægt að reikna meðallekt jarðlaganna á svæðinu milli holanna. Aðferðin hefur einnig verið notuð við mat á áhrifum þéttiaðgerða. Myndin sýnir prófun á áhrifum þéttitjalds á leka, t.d. vegna stíflugerðar.

The dipole method is often used to evaluate permeability coefficients. Water is pumped out of an aquifer and into it again some distance away and the changes in piezometric head are recorded. After stationary conditions are obtained the permeability coefficient is calculated. The method has proven to be effective in evaluating the effect of grouting.

## Ráðstöfun til einstakra verkefna Vatnsorkudeildar 1984

	M.kr.
<b>SAMKOSTNAÐUR</b>	<b>6,0</b>
<b>FAGVERKEFNI</b>	<b>3,3</b>
Vatnamælingar	0,3
Landmælingar	0,2
Mannvirkjajarðfræði	1,3
Jarðfræðikortlagning	0,5
Umhverfisrannsóknir	0,1
Verk- og vatnafræði	0,6
Orkubúskapur	0,3
<b>DEILDARVERKEFNI</b>	<b>21,2</b>
Eystri-Jökulsá	4,8
Skjálfandafljót	0,3
Jökulsá á Dal	1,7
Síðuvötn/Markarfljót	0,7
Þjórsárvæði	1,8
Neðri-þjórsá	1,8
Efri-Hvítá	0,9
Aurburðarmælingar	1,1
Vatnshæðarmælar	1,8
Frumúrvinnsla vatnamælinga	0,7
Rennslismælingar	2,2
Raflínurannsóknir	0,6
Ýmis orkumál	1,5
Ýmis deildarverk	1,3
<b>SÖLUVERKEFNI</b>	<b>11,1</b>
Blanda	0,3
Fljótsdalsvirkjun	1,3
Þjórsá-Tungnaá	3,6
Straumfræðilíkön	1,6
Ýmislegt	4,3
<b>Rekstur alls</b>	<b>41,6</b>
<b>Viðhald</b>	<b>0,1</b>
<b>Stofnkostnaður</b>	<b>2,6</b>
<b>Útgjöld alls</b>	<b>44,3</b>
<b>Sértekjur</b>	<b>14,2</b>
<b>Mismunur</b>	<b>30,1</b>

# Orkubúskapardeild

Orkubúskapardeild vinnur að margvíslegum athugunum varðandi orkumál og sér um gagnasöfnun á því sviði.

## Gagnasöfnun

Eins og áður var unnið að gagnasöfnun um orkumál og ýmsum innlendum sem erlendum aðilum veittar ýmsar upplýsingar um orkumál hér á landi. Unnið er að töluvvæðingu þessarar gagnasöfnunar.

## Orkuspár

Deildin sér um vinnu fyrir Orkuspárnefnd, en í henni eiga sæti fulltrúar Orkustofnunar, orkufyrirtækja og stofnana og sambanda sem málun tengast. Á árinu var hafin endurskoðun á spám nefndarinnar og var byrjað á húshitunar- og raforkuspáum. Í lok ársins lá fyrir uppkast að húshitunarspá. Unnið var að ýmsum undirbúnungi fyrir gerð raforkuspár t.d. voru dreifistuðlar raforkunotkunar athugaðir, en að öðru leyti var raforkukspán stutt á veg komin. Alls hélt nefndin 9 fundi á árinu.

## Stamovar

Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkuvinnslugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra starfaði áfram á árinu og hélt 9 fundi. Í hópnum eiga sæti fulltrúar frá Landsvirkjun, Orkustofnun og Rafmagnsveitum ríkisins. Unnið var að athugun á forsendum sem ganga inn í orkuvinnslureikninga og þá aðallega varðandi rennsli vatnsfalla og orkumarkað. Í árslok var hafin vinna við áfangaskýrslu 1 sem áformað er að komi út fyrrí hluta árs 1985.

## Orkusparnaður

Á árinu ákváðu ráðherrar iðnaðarmála og félagsmála að gangast fyrir sérstöku orkusparnaðarátaki, til að minnka og jafna húshitunarkostnað.

Orkustofnun var falið að sjá um söfnun gagna um orkunotkun til hitunar hjá einstaka notendum fyrir þetta átak. Á árinu voru athuguð öll rafhituð hús í þéttbýli utan hitaveitusvæða og valin úr hús með hlutfallslega mikla notkun, sem orkusparnaðarátakið létt síðan skoða.

## Surtarbrandur

Fengir voru breskir námasérfræðingar til að skoða surtarbrandsstaði á Vestfjörðum og gera lauslega kostnaðarátlun um vinnslu brandsins. Skoðuðu þeir fimm staði á Vestfjörðum, þ.e.

- Straumnesfjall
- Gil (Nálægt Bolungarvík)
- Botn í Súgandafirði
- Dufansdal og Pernudal í Arnar firði
- Stálfjall

Niðurstaða barst frá þeim í lok ársins

og kom í ljós að Botn ætti að geta gefið ódýrasta surtarbrandinn, en hann er þó að minnsta kosti þrefalt dýrari á orkueiningu en innflutti steinkol. Vinnsla er því langt frá því að vera samkeppnisfær við innflutti kol. Í lok árs var einungis eftir að gefa út skýrslu um þessa athugun, en hún var kostuð beint af lõnaðarráðuneytinu.

Auk þeirra verkefna sem hér hafa verið talin upp var unnið að ýmsum smærri verkefnum bæði innan deildarinnar og einnig í tengslum við aðrar deildir Orkustofnunar.



Aðal námugöngin í Surtarbrandsnánumni í Stálfjalli. Horft út eftir námugöngunum. Grjóðrunn úr klettahlíðinni hefur nær fyllt fyrir námaopið. Hæð ganganna er um 2,2 m og vidd um 3,2 m (Ljósm./photo, Birgir Jónsson).

*The main adit of the Stálfjall lignite mine. Looking out towards the entrance. Rockfalls from the cliffs have almost covered the opening. Height of the adit is approx. 2.2. m and the width 3.2 m.*



Surtarbrandsnám undir Stálfjalli V. Barð. Árin 1916–17 voru grafin þar yfir 200 m löng námugöng frá 3 námuopum. Surtarbrandslagið er undir stuðlaða basaltlaginu á miðri mynd (séð til austurs). Austari námaopið tvö eru bak við klettana sem hrundi hafa niður í fjöruna t.v. á myndinni. (Ljósm./photo, Birgir Jónsson).

*Lignite mining at Stálfjall in the Western Fjords. During 1916–17 over 200 m long mining adits were blasted using air drills and dynamite. The lignite layer is below the columnar basalt layer in the middle of the photo.*

# Jarðhitadeild

Jarðhitadeild annast jarðhitarannsóknir Orkustofnunar og jarðhitafraeðilega ráðgjöf við hitaveitur og aðra virkjunaraðila jarðhita. Á undanförnum árum hafa verkefni deildarinnar mótað nokkuð af þeirri þörf, sem verið hefur fyrir rannsóknir er tengjast jarðhitavinnslunni. Verkefnum deildarinnar má skipta í nokkra meginflokkum.

Stór hluti af þessum verkefnum tengist rannsónum á háhita- og lághitavæðum. Hér er m.a. um að ræða frumathuganir á öflun jarðhita og yfirborðsrannsóknir til undirbúnings borunar, ráðgjöf og þjónustu við borun ásamt mati á orkuvinnslugetu og vinnslueftirliti. Slík verkefni eru í mörgum tilvikum unnin fyrir okufyrirtæki, sveitarfélög eða einstaklinga, og kostuð af þeim, en í öðrum tilvikum kostuð af ríkissjóði, þar sem um er að ræða frumathuganir eða verkefni, sem hafa almenna þýðingu.

Vinnslutækni jarðvarma er mikilvægur verkefnaflokkur, en undir hann falla m.a. bortækni, tæring og útfellingar af völdum jarðhitavatns, frumathuganir á nýjum nýtingartækifærum, frumathugun á hagkvæmni nýrra hitaveitumöguleika, o.fl.

## Þjónusta við hitaveitum

Stærstu verkefni Jarðhitadeilda fyrir hitaveitur voru fyrir HITAVEITU REYKJAVÍKUR, en hún er jafnframt langstærsta hitaveita á landinu. Unnið var bæði í Reykjavík og á Nesjavöllum. Á árinu var gerður rammasamningur milli Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar um rannsókna- og ráðgjafastörf vegna jarðhitaleitar og mats á afkastagetu og vinnslueiginleikum þeirra svæða, sem hitaveitan nýttir eða hyggst nýta í framtíðinni. Í Reykjavík veitti deildin ráðgjöf er boraðar voru þrjár holar, tvær á Elliðáarsvæðinu og ein við Laugarnes. Boraðar voru 9 hitastigulsholur á höfuðborgarsvæðinu til könnunar á jarðhítalíkum. Heitir blettur fannst við Korpuósa, og var segulmælt þar til

aðstoðar við staðsetningu dýpri borholu. Að auki var unnið að samantekt eldri gagna um höfuðborgarsvæðið.

Á Nesjavöllum voru á árinu boraðar þrjár borholur til könnunar á jarðhitasvæðinu. Eina þeirra varð að hætta við vegna goss úr æð á litlu dýpi. Önnur hinna er komin í blástur og virðist mjög góð.

Á árinu kom út lokaskýrsla um samvinnuverkefni Orkustofnunar, Raunvísindastofnunar og Hitaveitu Reykjavíkur um skjálftarannsóknir á Hengilssvæðinu, sem staðið höfðu í 7 ár, frá 1978 til 1984. Nokkrum viðnámsmælingum var bætt við og unnið var að túlkun þeirra og þyngdarmælinga. Safnað var vatns- og gufusýnum úr flestum hverum.

## RÁÐGJÖF OG ÞJÓNUSTUVERK JHD VARÐANDI VATNSÖFLUN FYRIR HITAVEITUR

### SUNDURLIÐUN

#### 1) FRUMATHUGANIR Á ÖFLUN JARDHITA TIL NÝRRA NÝTINGARTÆKIFÆRA.

#### 2) FRUMATHUGANIR Á HAGKVÆMNI NÝTINGARKOSTA.

#### 3) YFIRBORÐSRANNSÓKNIR TIL UNDIRBÚNINGS BORUNAR.

- Jarðfræðileg bygging (sprungur, gangar o.p.h.)
- Efnainnihald vatns og gufu; spá um hita og nýtingarhæfni, greining í vatnskerfi
- Viðnámsmælingar; stærð jarðhitakerfis, vatnsrásir
- Segulmælingar; kortlagning vatnsleiðara
- Hitamælingar í jarðvegi og grunnum holum; leit að vatnsæðum
- Þyngdarmælingar

#### 4) RÁÐGJÖF VIÐ BORUN

- Staðsetning
- Hönnun borholu, dýpt, fóðrun, val á bortæki, skáborun
- Kostnaðaráætlun um borun
- Ákvarðanir vegna hruns, festu o.p.h.


#### 5) ÞJÓNUSTA VIÐ BORUN

- Gerð jarðlagasniðs, ummyndun bergs af jarðhita
- Hitamælingar
- Víddarmælingar; skápar, botnfall
- Mælingar á steypugæðum bak við fóðurrör
- Götun fóðurröra vegna steypingar
- Jarðlagamælingar; viðnám, poruhluti, eðlisbyngd, gammageislun
- Mæling á stefnu og halla holu
- Kortlagning vatnsæða; millirennslu
- Þrýstimaðingar
- Áðæling; mat á vatnsleiðni
- Þrýstiprófanir og pökkun
- Mat á afköstum borholu
- Sérstök bortæknatriði; sogborun, borun með þyngdarefní

#### 6) VINNSLUEFTIRLIT (geymisverkfraeði, vinnslutækni)

- Aðstoð vegna gagnasöfnunar (rennslu, hiti, þrýstingur o.fl.)
- Úrvinnsla
- Líkan af jarðhitakerfi
- Spá um langtíma vinnslugetu
- Ráðgjöf varðandi vinnsluaukningu; niðurdæling, tengsl mili borhola
- Eftirlit með efnainnihaldi; túlkun breytinga
- Tæring, útfellingar í holum og dælum; aðgerðir til úrbóta

#### 7) ÚTTEKT Á STÖÐU VATNSÖFLUNAR; RÁÐGJÖF UM RANNSÓKNIR, FREKARI BORANIR OG VINNSLUTÆKNI





Neðra vinnslusvæði Hitaveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum. (Ljósm./photo, Ásgrímur Guðmundsson).

Nesjavellir geothermal field in the Hengill area.

Kenniefni sett í holu A

Kenniefni komið í holu B



Í Svartsengi voru í tengslum við niðurdælingartilraunir gerðar ferlunarprófanir til að kanna tengsl milli borhola á vinnslusvæðinu.

In the Svartsengi geothermal area tracer tests were made during reinjection experiments.

Fyrir HITAVEITU SELTJARNARNESS var unnið að úrvinnslu borholumælinga og efnagreininga. Selta vatnsins hefur aukist verulega á síðustu árum og verið er að leita leiða til úrbóta. Ein vinnsluhola var boruð fyrir hitaveituna á árinu og veitti Jarðhitadeild ráðgjöf og rannsóknabjónustu við það verk.

Fyrir HITAVEITU SUÐURNESJA var unnið að úrvinnslu gagna er tengjus horun holu í ELDVÖRPUM og út kom skýrsla um efnagreiningar. Í SVARTSENGI voru sumarið 1984 gerðar tilraunir með niðurdælingu affallsvatns. Tilgangurinn með niðurdælingunni er tvíbættur, annars vegar að viðhalda þrýstingi í jarðhitageymínum og auka þannig langtímanýtni varma-vinnslunnar og hins vegar að leysa frárennslisvandamál varmaorkuv eins. Meginvandamál við niðurdælingu affallsvatns í jarðhitakerfið í Svartsengi er útfelling kísils. Að þessu sinni voru gerðar tilraunir með lækkun sýrustigs, sem fól í sér að jarðsþórrinn var bynntr með þéttivatni. Útfellingarhraði var lítt en eftir 2 jaðar ósíðan tók vatnsborð niðurdælingarholunnar að stíga sem bent til útfellinga í holunni eða vatnsæðum hennar. Til að kanna tengsl milli hola var gerð ferlunarprófun, en hún felst í því að setja ákveðin efni niður í borholu og fylgjast með hvernig það skilar sér í öðrum holum. Að þessu sinni var kaliumjoðið sett í vatnið, sem dælt var niður, og efnasýni tekin úr öllum holum í vinnslu. Joðið skilaði sér mjög fljótt í næstu holu, en minni hraði mældist að holum vestar á svæðinu. Einnig var fylgst með áhrifum vinnslu á jarðhitavæðið. Niðurdráttur frá upphafi vinnslu er orðinn meiri en 100 m og tímabundin kæling hefur mælst í vissum borholmum.

Fyrir HITAVEITU EGILSSTAÐA-HREPPS og FELLA var á árinu unnið að úrvinnslu gagna frá fyrra ári, og gerðar voru hitamælingar í botnleðju Urriðavatns. Deildin annast venjbundið eftirlit með efnainnihaldi heita vatnsins og vatnsvinnslu úr vinnslusvæðinu.

Fyrir HITAVEITU AKUREYRAR vann Jarðhitadeild á árinu að ýmsum rannsóknarverkefnum. Unnið var að reglubundnu vinnslueftirliti og gerð skýrsla um stöðu vinnslusvæðanna og framtíðarhorfur í orkuöflun. Hitaveitan hefur noga orku í bili til að annast upphitun bæjarins. Á árinu voru settar upp varmadælu til að nýta frárennslisvatnið. Ljóst er að þörf verður fyrir viðbótarorku á næstu árum.

Lokið var við skýrslur um yfirborðs-rannsóknir og rannsóknarboranir á jarðhitavæðunum við Grýtu í Önguls-staðahreppi og á Glerárdal. Á fyr-nefnda svæðinu voru niðurstöður nei-kvæðar og verður því ekki um fram-hald rannsókna þar að ræða. Á Gler-árdal er á hinn böginn stefnt að borun djúprar rannsóknarholu. Þá lauk yfir-borðsraðsnum á jarðhitavæðinu á Laugalandi á Þelamörk. Niðurstöður þeirra benda til þess að þar geti verið um hagkvæman virkjunarkost að ræða fyrir hitaveituna og er mælt með rannsóknarborunum til frekari staðfestingar á því. Einnig var unnið að prófun borholu á Reykjum í Fjóskadal.

Á veitusvæði HITAVEITU SELFOSS var unnið að efnafræðilegu og vatn-fræðilegu eftirliti með jarðhitavæðinu og gerðar hitamælingar í athugunar-holum og einni vinnsluholu. Á árinu kom út skýrsla um borholu við Þor-leifskot.


Í upphafi árs kom út skýrsla um niðurstöður viðnámsmælinga og bor-holumælinga, sem gerðar voru fyrir HITAVEITU RANGÆINGA að Lauga-landi í Holtum sumarið 1983. Ný vinnsluhola var staðsett skammt frá fyrri vinnsluholu og veitti deildin ráð-gjöf við borun hennar. Holan er vel opin og eru stærstu vatnsæðar á 400 til 500 m dýpi. Töluberður samgangur er milli vinnsluholanna og því er ekki um verulega aukningu á vatnsvinnslu að ræða. Hins vegar bætir nýja holan rekstraröryggi Hitaveitu Rangæinga mikið.

Fyrir HITAVEITU SVALBARÐSEYRAR voru viðnámsmælingar frá sumrinu 1983 túlkaðar og eldrir mælingar endurskoðaðar í ljósi nýrra upp-lýsinga. Út kom skýrsla um þessar mælingar.

Gerðar voru viðnámsmælingar og mælingar í borholmum í HRÍSEY vegna öflunar heitara og betra vatns fyrir Hitaveitu Hríseyjar. Úrvinnsla er hafin.

Á árunum 1980—1983 var unnið að forkönnun jarðhita í innsveitum Skagafjarðar og gerð hagkvæmni-athugun á nýtingu hans til upphitunar. Skýrsla um niðurstöður þessara rann-sókna kom út á miðju ári 1984.

Að venju var unnið að mörgum minniháttar jarðhitaverkefnum á ýmsum stöðum, t.d. á Oddgeirshólum í Flóa, við Seljavallalaug undir Eyja-fjöllum, í Villingaholtshreppi, Ölfusi og víðar.



Líkan af jarðhitavæðinu á Glerárdal við Akureyri.  
A model of the geothermal area at Glerárdalur near Akureyri, Northern Iceland.

## Rannsóknir á háhitavæðum

Á KRÖFLUSVÆÐINU var á árinu 1984 unnið minna fyrir Kröfluvirkjun en mörg undanfarin ár. Engar nýboranir fóru fram, en deildin veitti ráðgjöf við undirbúning og framkvæmd við að gera við eina holu á Hvítólum um vorið.

Lokið var úrvinnslu yfirborðsmælinga á Hvítólasvæði, sem gerðar voru 1983, og niðurstöður birtar í skýrslu til Kröfluvirkjunar á síðastliðnu vori. I skýrslunni var lagt til að bætt yrði við viðnámsmælilínúm norðan Hvítóla, og voru þær mældar um sumarið. Meginniðurstaða yfirborðsraðsnum ár er að Hvítólasvæðið sé lítið og jarðhitinn bundinn við þróunga uppstreymisrás. Í rekstrahléi sumarmánuðina 1984 var flestum vinnsluholum lokað. Þá voru mæld viðbrögð vinnslusvæðanna við álagsbreytingu, en slíkt hafði ekki verið mælt áður í Kröflu.

Rannsóknar um Kröflusvæðinu og áhrifum þeirra á jarðhitavæðið var haldið áfram á árinu. Jafnt

og þétt hefur verið dregið úr þessum rannsóknum undanfarin ár, en í kjölfar eldgosahrinu í september 1984, sem kom flestum á óvart, þótti ekki rétt að sinni að draga frekar úr þeiri gagna-öflun, sem farið hefur fram undanfarið.

Deildin annast áfram umfangsmikið eftirlit með vinnslu á Kröflusvæðinu. Tekin voru í tvígang sýni úr öllum borholmum, og þau efnagreind. Einnig var styrkur gass mældur í gufu augum inni á vinnslusvæðunum. Greinilegt er að styrkur gass í gufu hefur farið minnkandi hin seinni ár.

I nóvember 1984 var haldið s.k. hrafnabing um stöðu gufuöflunar fyrir virkjunina. Þar gerðu sérfræðingar deildarinnar ítarlega grein fyrir niðurstöðum sínum og lögðu fram ákveðnar tillögur um næstu skref til gufuöflunar.

Á árinu 1984 kom út skýrsla um yfir-borðsraðsnum, sem JHD hafði unnið að á ÞEISTAREYKJUM á síðustu árum. Þeistareykjasvæðið er nú tilbúið til rannsóknarborana.

Á NÁMAFJALLSSVÆÐINU voru vegna vinnslueftirlitsins tekin sýni af vatni og gufu úr borholum og einnig úr kaldavatnsholum hitaveitu og volgu grunnvatni á sveðinu. Þá var haldið áfram úrvinnslu gagna frá undanförnum árum. Hafnar voru vinnslutæknilegar tilraunir með hemlun tveggja fasa rennslis bæði við borholur og við frárennsli gufuskilja.

Á utanverðum Reykjanesskaga var unnið á háhitavæðunum í SVARTSENGI og ELDVÖRPUM, sjá Hitaveitu Suðurnesja, og fyrir Sjóefnavinnsluna hf. á Reykjanesi var gefin út skýrsla um efnasamsetningu vatns og gufu úr holu, sem boruð var 1983.

Á KRÍSUVÍKURSVÆÐINU var unnið að forathugun með jarðfræðikortlagningu í næsta nágrenni Trölladyngju og þar voru einnig gerðar all umfangsmiklar viðnámsmælingar. Til að fylgjast með svæðinu var sett út mælinet og hæðarmælt og þyngdar mælt í því.

Helstu verkefnum, sem deildin vann að á Nesjavöllum og Hengilssvæðinu, er lýst í kafla um Hitaveitu Reykjavíkur.

Í ÖXARFIRÐI var fyrir sérstaka fjárvéitingu á fjárlögum unnið að forathugun á jarðhita. Gerðar voru land-, þyngdar- og segulmælingar í mælilínu sem nær frá fjárrétt sunnan Lindabrekku í Vörðuhól. Á söndunum kemur fram þyngdarlægð. Jarðhiti í Öxarfirði var kortlagður nákvæmlega og sprungur við Bakkahlaup, og efna-sýnum var safnað á öllum jarðhitastöðum. Hæsti hiti mældist tæplega 100°C við Skógarlón. Gerðar voru viðnámsmælingar yfir áhugaverðasta svæðið og styðja þær tilvist háhitavæðis í Öxarfirði. Jarðsveiflumælingar benda til þess að þykktin á sandinum sé um 100 metrar.



Í nóvember var haldið s.k. hráfnæfing um stöðu gufuöflunar fyrir Kröfluvirkjun. (Ljósm./photo, Guðmundur Pálason).

*From a panel discussion at a meeting on the Krafla geothermal power plant.*



Í rekstrahlíei Kröfluvirkjunar um sumarið 1984 var oft tignarlegt um að litast. (Ljósm./photo, Ásgrímur Guðmundsson).

*Krafla geothermal area in Northern Iceland.*



Jarðeðlisfræðingar við SP-mælingar (self potential) við jaðar nýrunnins hrauns í Leirhnjúki við Kröflu í september 1984. (Ljósm./photo, Helgi Þorðason).

*Geophysicists studying self potential (SP) at a fresh lava in Northern Iceland in Sept. 1984.*

## Rannsóknarstofur

Jarðhitadeild rekur ýmsa þjónustustarfsemi vegna verkefna sinna og annarra deilda Orkustofnunar. Má þar nefna rafeindastofu og rannsóknarstofur á sviði efna- og bergfræði; þrjá sérhannaða bíla til borholumælinga og verkstæði til smíði og viðhalds á borholumælitækjum og sériinnréttáðan bíl til að nota við sýnatöku í gufuborholum. Starfsemi rannsóknarstofa var með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Stærsta verkefni á efnarannsóknarstofu var uppsetning og prófun á nýju

jónagreinitæki. Settar voru upp að ferðir til greiningar á algengustu anjónum í jarðhitavatni.

## Þróun úrvinnslu-aðferða

Jarðhitadeild tekur þátt í rekstri á tölvu Orkustofnunar og hefur faglega og tæknilega umsjón með rekstri hennar ásamt þróun hugbúnaðar. Með aukinni tölvuvæðingu hafa möguleikar til sjálfvirkar úrvinnslu og túlkunar á mæligögnum stóraukist. Flest forrit, sem notuð eru við úrlausn verkefna stofnunarinnar, eru skrifuð af starfsmönnum hennar. Sem dæmi má nefna að á árinu voru skrifuð tvö forrit til túlkunar á við-námsmælingum á Jarðeðlisfræðideild og forritasfn til úrvinnslu á borholum-mælingum á Borholumælingadeild. Á Vinnslutæknideild var skrifuð forrit sem reiknar út úr afkastamælingum á borholum og einnig var endurbætt forrit sem forhannar hitaveitir og gerir kostnaðaráætlunar. Á Efnafraði-stofu var lokið við safn forrita, sem reikna út varmafræðilega eiginleika vatns og gufu, og áfram var unnið að forritun á efnajafnvægi milli steinda og jarðhitavatns, og einnig að safni teikniforrita til að auðvelda úrvinnslu efnagreininga. Á árinu eignaðist deildin eintak af tölvuforritinu SHAFT 79, sem ætlað er til lískanrekninga á jarðvarmagemum á háhitavæðum.

## Tilraun með varmadælu

Gefin var út skýrsla um niðurstöður mælinga á rekstri varmadælu, sem sett var upp á Þórgautsstöðum í Hvítársíðu og lýst tveggja ára reynslu af rekstri hennar. Á árinu var gerð hagkvænniathugun á notkun varmadælu til upphitunar Klúkuskóla í Bjarnardal, en þar er  $36^{\circ}$  C heit volgra, og einnig fyrir nokkra bæi í Skagafirði.

## Hagkvænni-athuganir

Á árinu 1984 voru gerðar hagkvænni-athuganir á hitaveitu fyrir átta sveitarfélög. Athugaðir voru möguleikar á að nýta jarðhita ymist beint eða með varmadælu. Slíkar frumathuganir eru grundvöllur ákváðanatöku um áfram-haldandi jarðhitarannsóknir, boranir eða virkjun og eru þær unnar við-komandi að kostnaðarlausu.



Við mælingar á allt að 3 ja km djúpum borholum þarf mjög sérhæfðan búnað. Hér sjást 3 bílar, sem notaðir eru við borholumælingar. Miklu fé og tíma er varið í viðhald og rekstur þessara tækja, enda sumir þeirra 10 ára. (Ljósmynd, Benedikt Steingrímsson).

3 vehicles used for measuring geothermal drillholes.

## Húshitunaráætlun

Jarðhitadeild vann áfram að Húshitunaráætlun á árinu 1984 í samvinnu við Rafmagnsveitir ríkisins. Á þessu ári var unnið að lokaþætti þessa verkefnis. Í Húshitunaráætlun eru athugaðir möguleikar á hagkvæmri nýtingu innlendra orkugjafa. Gerð var athugun fyrir 28 staði á landinu. Í lokaþættinum er gerður samanburður á hitaveitu og rafhitun á þessum stöðum og reynt að meta hagkvæmni bæði út frá þjóðhagslegu sjónarmiði og sjónarmiði einstaklingsins, en þau sjónarmið þurfa ekki að fara saman.

## Fiskeldi

Á vegum Jarðhitadeilda var á árinu 1984 á margvíslegan hátt unnið að verkefnum í tengslum við fiskeldi. Deildin gaf út aðra skýrslu um laxeldisstöð við Kistu á Reykjanesi, þar sem gerð var hagkvænniathugun á samnýtingu jarðhita til raforkuvinnslu og fiskeldis. Við Grindavík var gerð umfangsmikil könnun fyrir Íslandsslack hf. á ferskvatnstöku í landi Staðar, og á möguleikum á dælingu sjávar úr gjám eða borholum, og fyrir Eldi hf. var ferskvatnstaka könnuð með dælu-prófun og mælingum. Fyrir Fjárfestingarfélagið var skrifuð greinar-gerð um möguleika á öflun heits vatns í Vogum, vegna fiskeldisstöðvarinnar þar.

Í Skagafirði sá deildin um jarðfræðilega könnun fyrir Hólalax, og staðsettir borholu fyrir Fljótalax í Haganeshreppi.

Á Vestfjörðum var fyrir Íslax h.f. segulmælt og jarðfræði könnuð við Nauteyri, og í framhaldi af því var boruð hola. Jarðhitasvæðið við Reykjanes við Ísafjarðardjúp var skoðað lauslega og síðan boruð hola þar. Tekin var saman greinargerð um aðstæður og forrannsóknir vegna vatnsöflunar fyrir Ísnó í Kelduhverfi.

## Ýmis jarðhitaverkefni

Af eigin verkefnum Jarðhitadeilda var m.a. áfram unnið að jarðfræði- og jarðhitakortlagningu á Suðurlandi. Á Austurlandi voru nokkur gassýni úr Lagarfljóti tekin til frumrannsóknar, en ekki tókst að ljúka sýnatöku vegna bess að ísa leysti óvenju snemma.

Gerð var lausleg könnun á nokkrum háhitavæðum á miðhlændinu í sambandi við fjarkönnun jarðhitasvæða. Fylgst var með framvindu fjar-könnunar með tilliti til notkunar á þessu svíði, en of dýrt hefur reynst vera að fá gögn frá nýjum gervi-hnöttum og tækjakostur Orku-stofnunar er ekki nægilega góður til að geta unnið úr þeim enn sem komið er.

Á svíði jarðeðlisfræði var m.a. unnið að athugunum á því, hvaða jarðhitalegir þættir hafa áhrif á eðlisviðnám bergs eins og það mælist í viðnámsmælingum, en slíkar mælingar eru ein gagnlegasta aðferðin til könnunar á jarðhitasvæðum áður en til borunar kemur. Meginniðurstaðan var sú að eðlisviðnám í jarðskorpunni á Íslandi

utan gosbelta sé lítið háð viðnámi vatns, en mjög háð hita.

Á sviði jarðeðlisfræði var áfram unnið við sjálfskennumælingar. Farið hefur verið í gegnum fyrirliggjandi gögn um eðli og ástæður sjálfskennufrávika. Unnið er að því að kanna notagildi sjálfskennumælinga við kortlagningu jarðhitasvæða og á hvaða hátt sjálfskennufrávik tengjast jarðhitafræðilegum þáttum svo sem hita, vatnsslæði og hitaháðum efnahvörfum.

Á sviði vinnslutækni var unnið að smíði tækja til rannsókna á eðli og hraða magnesiumsilikatútfellinga við upphitun ferskvatns, en sílkar útfellningar hafa valdið vandræðum í nokkrum hitaveitum.

## Könnun orkulinda á landgrunni

Á árinu 1984 var lokið við skýrslu um rannsóknir á borkjarna úr borholu í Flatey á Skjálfsanda, sem boruð var 1982. Setlögin sem fundust undir Flatey reyndust vera tiltölulega ung (ísaldehyndun) og engar vísbendingar var að sjá um olíu. Holan er þó einungis um 550 m djúp og nær ekki því dýpi, þar sem olíumyndun er talin líklegust.

Nokkur áhersla var lögð á rannsókn mælinga frá Jan Mayen hryggnum, og saman áætlun um frekari jarðeðlisfræðilegar mælingar á svæðinu. Þessar mælingar eru liður í oluleit, og eru nokkuð umfangsmiklar. Þær verða gerðar sumarið 1985 í samvinnu við Norðmenn, og stjórnað af norsku Olíustofnuninni og Orkustofnun.

Þá var lagður grunnur að safni tölvutækra hafbotnsmæligagna, og forrita til úrvinnslu þeirra.


## Önnur verk ótengd jarðhita

Jarðhitadeild Orkustofnunar tók að sér að sjá um segulmælingar á Skeiðarársandi fyrir Gullskipið hf., en þær eru liður í leit að Indfafarini Skjaldamerki Amsterdam. Þetta verk efni er ekki á venjubundnu verksviði Orkustofnunar, og er fremur fornleifafræði en orkuleit. Aftur á móti er þetta ágætt dæmi um hvernig fagnunnáttu sem þróast hefur við stofnunina, getur nýst á óskyldu sviði. Við leitina fundust nokkur segulfrávik á Skaftafellsfjörum, sem gætu staðað af skipsflökum.



Sérfræðingur Jarðhitadeilda við söfnun gassyna á ísiliðu Lagarfljóti. (Ljósmt./photo, Sigmundur Einarsson).

*Sampling of natural gas from an icecovered lake in Eastern Iceland.*



Magn kísils í jarðhitavökva eykst mjög með hækkandi hita og getur við vissar aðstæður valdið verulegri mengun. Hér má sjá dæmi um sílka mengun úr borholu við Hvítihóla í Kröfli. (Ljósmt./photo, Ásgírmur Guðmundsson).


*An example of geothermal pollution from a drillhole in the Krafla area.*

## Jarðvarmaveitur ríkisins

Jarðhitadeild annast rekstur JARDVARMAVEITNA RÍKISINS, en þær selja gufu til Kísilíðjunnar í Bjarnarfagi og rafstöðvar Laxárþirkjunar þar og enn fremur heitt vatn til Hitaveitu Hveragerðis. Jarðvarmaveiturnar eru fjárhagslega sjálfstætt fyrirtæki, en Orkustofnun annast rekstur þeirra. Jarðvarmaveitum er nánar lýst í sérkfla.

Verið að taka vatnssýni nálægt jarðhitasvæði norðan við Stóra Klofa í Landssveit. (Ljósmt./photo, Helgi Torfason).

*Geologist sampling water for chemical analysis.*



## Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna er rekinn sem ein af undardeildum Jarðhitadeildar. Jarðhitaskólinn var stofnaður í mars 1979. Samkvæmt samningi milli Orkustofnunar og Háskóla Sameinuðu þjóðanna (HSP) kemur árlega nokkur hópur styrkbega HSP frá þróunarlöndum til starfsþjálfunar á ýmsum sérhæfðum sviðum jarðhitarannsókna og jarðhitanýtingar. Íslenska ríkið greiðir um two þriðju hluta kostnaðar á móti HSP, en litið er á íslenska framlagið sem hluta af aðstoð Íslands við þróunarlöndin. Kennrar og námsstjórar Jarðhitaskólans eru sérfraeðingar hjá Orkustofnun, Háskóla Íslands og nokkrum fyrirtækjum, sem starfa við rannsóknir eða nýtingu jarðhita. Styrkbegarnir koma frá stofnum, sem vinna að jarðhitavinnslu í viðkomandi landi. Þeir hafa lokið háskólaprófi í raungreinum og hafa nokkra starfsreynslu við jarðhita í heimalöndum sínum. Þjálfunin skiptist í two hluta, fyrst fyrirlestra í fimm vikur, en síðan tekur við um fimm mánaða sérhæfð starfsþjálfun.

Frá því Jarðhitaskólinn tók til starfa hafa 36 styrkbegar dvalið hér við nám í sex til átta mánuði, en 19 komið í skemmri námsferðir (frá tveimur vikum til þriggja mánaða). Nemendurnir hafa komið frá 13 þróunarlöndum. Auk þess hafa verið nemendur frá 4 Evrópulöndum.

Árið 1984 voru 8 nemendur í 6 mánuði. Þeir komu frá Burundi (1), Costa Rica (1), Eþíópíu (2), Kína (3), og Thailandi (1), en auk þeirra þrír í 2 mánuði (frá Indlandi, Svíþjóð og Vþýskalandi). Indverjinn kom á vegum Próunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNDP), en Svínn og þjóðverjinn á eigin kostnað. Því til viðbótar komu yfirmenn jarðhitamála í orku-málaráðuneytum Kenya og Nicaragua

í stuttar kynnisferðir og efnafræðingur frá Costa Rica kom í þrjár vikur að kynna sér meðferð á útfellingum í háhitaholum.

Gestafyrirlesari HSP 1984 kom frá Ítalíu, Dr. Enrico Barbier, sem starfar við jarðhitaskóllann í Pisa. Hann flutti fyrirlestra um stöðu jarðhitarannsókna og vinnslu á Ítalíu, í löndum Efna-hagsbandalagsins og í heiminum.



Nemendur í Háskóla Sameinuðu þjóðanna 1984 ásamt íslenskum leiðbeinendum (Ljósm./photo, Brynjólfur Eyjólfsson).

*Participants of the 1984 class UNU Geothermal Training Programme.*



## Erlend samstarfsverkefni

Unnið var að jarðfræðikortlagningu á Þingvöllum vegna fyrirhugaðrar djúpborunar þar í samvinnu við alþjóðalegan vinnuhóp um djúpboran á landi (ICRDG).

Jarðhitadeild hefur á undanförnum árum tekið þátt í ýmsum jarðhitaverkefnum í samvinnu við erlendar vísindastofnanir. Má þar m.a. nefna að í samvinnu við Lawrence Berkeley Laboratory við háskólanum í Kaliforníu í Bandaríkjunum hefur frá árinu 1978 verið unnið að gerð reiknilíkans af jarðhitasvæðinu í Kröflu. Á árinu 1984 kom út lokaskýrsla um verkefnið; síðan 1975 hefur samvinna verið við Institute For Thermal Spring Research við Okayama háskóla í Japan um ýmsa þætti innan jarð- og jarðefnafraeði, m.a. ísótóparannsóknir. Samvinna var við Brown University í Bandaríkjunum um jarðstrauma (magnetotelluric) mælingar, en með slíkum mælingum má fá upplýsingar um rafleiðni bergs og þar með hita í bergi á miklu dýpi undir gosbeltunum. Á síðastliðnu sumri var þessi að ferð beitt á 125 km langri mæli í þvert yfir sunnanvert eystra gosbeltið. Þá ber einnig að nefna samvinnu við ríkisháskólanum í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum um rannsóknir á brotabeltinu á Tjörnesi og jöðrum bess. Deildin leggur til fulltrúa Íslands í varmadælunefnd á vegum Norrænu ráðherradeildarinnar, en sú nefnd vinnur um þessar mundir að undirbúningi að norrænni ráðstefnu um varmadælur.

## Erlend söluverk

Á árinu 1984 var lokið við verkefni, sem Jarðhitadeild hafði unnið að í FÆREYJUM, en deildin átti þátt í lokaskýrslu um rannsóknarboranir í Færeyjum.

S nemma á árinu 1984 var farið í kynningarferð til GRIKKLANDS, sem leiddi til þess að undirritaður var samningur milli Landsvirkjunar Grikklands og Orkustofnunar í samvinnu við Virki hf. um ráðgjöf og eftirlit með vinnslu jarðhita og losun affallsvatns á eynni Milos í Eyjahafi. Síðar bættust við viss verkefni vegna virkjunar á eynni Nisyros.

Jarðhitadeild hefur í samvinnu við Virki gert tilboð í jarðhitaverkefni í Eþíópíu og einnig í Norður-Yemen.

Viðræður eru í gangi um jarðhitaverkefni í Kenya á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Einn starfsmaður deildarinnar vinnur, í leyfi frá störfum, sem verkefnisstjóri Sameinuðu þjóðanna í stóru jarðhitaverkefni í Kenya. Tveir starfsmenn deildarinnar fóru í stuttar ferðir sem

ráðgjafar Sameinuðu þjóðanna vegna jarðhitaverkefna, annar til Rúmeníu og hinn til Júgóslavíu. Einn starfsmaður deildarinnar tók á árinu sæti í ráðgjafaneftnd Norræna fjárfestingabankans um orkumál og fór m.a. að kanna markaðsmál fyrir jarðhitabekkingu í Tyrklandi.

## Ráðstöfun til einstakra verkefna Jarðhitadeildar 1984

	M.kr.
<b>SAMKOSTNAÐUR .....</b>	<b>3,7</b>
<b>FAGVERKEFNI .....</b>	<b>6,8</b>
Jarðfræðikortlagning .....	0,2
Borholujarðfræði .....	0,4
Jarðeðlisfræði .....	2,4
Borholumælingar .....	1,0
Jarðefnafræði .....	1,6
Vinnslutækni .....	1,2
<b>DEILDARVERKEFNI .....</b>	<b>23,6</b>
Jarðhitaskóli H.S.P. ....	6,9
Rannsókn háhitasvæða .....	6,3
Rannsókn lághitasvæða .....	2,3
Orkulindir á hafssbotni .....	0,9
Viðhald mannv. á jarðhitasvæðum ...	1,1
Mg-Si-útfellingar .....	0,6
Þróun forrita .....	2,3
Djúpboran .....	0,5
Ýmis verkefni .....	2,7
<b>SÖLUVERKEFNI .....</b>	<b>16,0</b>
Hitaveita Reykjavíkur .....	5,6
RARIK-Kröfluvirkjun .....	3,5
Aðrar hitaveitur .....	4,5
Verkefni erlendis .....	0,3
Fiskeldi .....	0,3
Önnur verkefni .....	1,8
<b>Rekstur alls .....</b>	<b>50,1</b>
Viðhald .....	0,3
Stofnkostnaður .....	4,6
<b>Útgjöld alls .....</b>	<b>55,0</b>
Sértekjur .....	24,7
<b>Mismunur .....</b>	<b>30,3</b>

Deildin fer með bókhald og fjáreiður, starfsmannahald og ýmsa þjónustu fyrir stofnunina, svo sem útgáfu og rekstur matstofu, teiknistofu, bókasafns, tölvu og húsnæðis.

## Fjármál

Samkvæmt meðfylgjandi rekstrarreikningi námu bókfærð útgjöld á árinu alls rúmum 124 miljónum króna samanborið við tæpar 116 miljónir árið áður. Hækkun milli ára nam 7,2% á sama tíma og vísitala vöru og þjónustu hækkaði um 30,3% milli ára. Raunvirði útgjalda Orkustofnunar lækkaði því um nær fimmtung milli ára. Á meðfylgjandi mynd sést hvernig raungildi útgjalda, fjárveitinga og launa hefur þróast síðustu 10 árin. Línuritið sýnir hvað fjárveitingar til Orkustofnunar eru háðar orkumálum heimsins og þá einkum veðri á olíu. Veruleg hækkun varð á raungildi fjárveitinga til Orkustofnunar árin 1974 og 1979 þegar verð á olíu hækkaði sem mest. Mismunur útgjalda og fjárveitinga er brúður með eigin tekjum stofnunarinnar fyrir selda þjónustu einkum til hitaveitna og raforkuframleiðenda, Landsvirkjunar og RARIK.

Að raunvirði á verðlagi ársins 1984 hækkuðu eigin tekjur Orkustofnunar úr 15 miljónum 1974 í um 90 miljónir 1982. Eftir það hafa sértekjur minnkað vegna minnkandi verksölu til raforkuframleiðanda. Á árinu 1984 námu sértekjur um 50 miljónum króna. Við samanburð verður þó að hafa í huga að á árinu 1982 nam útlagður kostnaður vegna söluverka nær 20 miljónum króna að mestu vegna vinnubúða við Blöndu. Þessi kostnaður var endurheimtur og er talinn með eigin tekjum Orkustofnunar. Endurheimtur kostnaður er ekki talinn með í yfirlitinnu fyrir árið 1984.

Bókhald og fjáreiður eru veigamestu verkefni í stjórnsýslu Orkustofnunar. Fjáreiðum Stjórnsýsludeilda, Vatnsorkudeilda og Jarðhitadeilda er haldið aðskildum í bókhaldi. Stjórnsýsludeild sér auk þess um bókhald og fjármál fyrir þrjú svonefnd B-hluta fyrirtæki, hvert um sig bókhaldslega sjáflstætt, en Orkustofnun hefur verið falið að reka eða samið hefur verið við hana um að reka. Hér er um að ræða Jarðborarnir ríkisins og Jarðvarmaveitur ríkisins, sem eru ríkisfyrirtæki og Gufuborun ríkisins og Reykja-


víkurborgar, sem er sameignarfélag ríkis og borgar. Enn er ótalið að deildin annast bókhald og fjárvörslu fyrir Rafmagnseftirlit ríkisins, samkvæmt beiðni þess.

Á árinu 1984 var unnið að því að flytja útgjaldabókhald stofnunarinnar inn í eigin tölvu, og var í því sambandi unnin mikil forritunarvinna. Jafnframt var unnið að því að tölvuvæða viðskiptamannabókhald og inn gjaldabókhald og var bókhald Orkustofnunar tölvuvætt og fært á eigin tölvu. Á árinu 1982 var komið á skráningu á vinnutíma starfsmanna og er nú allur vinnutími skráður í vinnuskýrslur eftir verkefnum. Úrvinnsla á vinnuskýrslum er tölvuvædd.

## Þjónusta

